Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2007

# Ársskýrsla 2007

Ríkissaksóknari

Bls. 4

1. Um ákæruvaldið

1.1. Ákæruvaldið á tímamótum
1.2 Skipan ákæruvalds
1.3. Fundir með ákærendum
1.4. Almennar leiðbeiningar ríkissaksóknara
1.5. Ákærendafélagið

Bls. 8

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra
2.2. Ákærðir
2.3. Einstakir brotaflokkar hjá ríkissaksóknara
2.4. Fallið frá saksókn
2.5. Tímalengd gæsluvarðhalds
2.6. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra
2.7. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga
2.8. Áfrýjunarmál

Bls. 24

3. Dómsmeðferð mála

3.1. Heimilisofbeldi
3.2. Ungir afbrotamenn
3.3. Brot í opinberu starfi
3.4. Umferðarlaga- og almannahættubrot
3.5. Kynferðisbrot

# Efnisyfirlit


Bls. 32

**4. Erlent samstarf**

4.1 Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda
4.2. Evrópusamstarf ríkissaksóknara
4.3. Evrópska réttaraðstoðin
4.4. European Judicial Network
4.5 Alþjóðasamtök saksóknara
4.6 Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar
4.7 Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Bls. 36

**5. Löggjafarmálefni**

5.1 Almenn hegningarlög
5.2. Umferðarlög
5.3. Viðurlög við efnahagsbrotum o.fl.
5.4. Umsagnir um lagafrumvörp

Bls. 41

**6. Starfsmenn ríkissaksóknara**

Bls. 42

**7. Siðareglur ákærenda**

# 1. kafli

# Um ákæruvaldið

## 1.1 Ákæruvaldið á tímamótum

Um síðustu áramót lét Bogi Nilsson ríkissaksóknari af störfum eftir að hafa gegnt embættinu í 10 ár. Bogi sem hafði yfirburða reynslu og þekkingu á málaflokknum rak embætti ríkissaksóknara af heiðarleika og með faglegum metnaði. Hann naut því almennrar virðingar og trausts í starfi sínu. Það er því vandasamt verk að taka við embætti ríkissaksóknara af honum. En embættið stendur einnig á tímamótum að öðru leyti.

Alþingi samþykkti 30. maí 2008 ný lög um meðferð sakamála sem taka gildi 1. janúar 2009. Með lögunum er gerð grundvallarbreyting á ákæruvaldinu þegar það skiptist milli þriggja stjórnsýslustiga í stað tveggja áður, þ. e. ríkissaksóknara, embættis héraðssaksóknara, sem stofnsett verður, og lögreglustjóra. Þetta verður að teljast mikil réttarbót þar sem kæruleið opnast milli stjórnsýslustiga sem til þessa hefur tilfinnanlega skort.

Með lögunum er sköpuð ný umgjörð um ákæruvaldið. Það ræðst síðan hvort sá tilgangur lagasetningarinnar náist sem um getur í greinargerð, þ. e. að mynda heilsteypt ákæruvald, styrkja sjálfstæði þess og auka réttaröryggi borgaranna. Fyrsta forsenda þess er að embættin verði nægilega mönnuð svo að þau geti sinnt hlutverki sínu og að þeim verði skapaður fullnægjandi rekstrargrundvöllur.

Embætti ríkissaksóknara hefur skilað greinargerð um embætti ríkissaksóknara og héraðssaksóknara. Þar er lögð áhersla á að staðið verði vel að breytingunum þannig að unnt sé að reka bæði embættin með reisn og myndarskap. Verði það ekki gert þegar í upphafi megi búast við að langan tíma taki að byggja þau upp. Þær miklu vonir sem bundnar séu við breytingar á ákæruvaldinu og að er stefnt með lögunum yrðu þá að litlu. Ljóst er að talsvert fjármagn þarf til að framfylgja tillögum embættisins en engar fjárveitingar liggja fyrir. Tillögurnar eru nú til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu. Embætti ríkissaksóknara hefur verið markaður mjög þröngur fjárhagslegur rammi undanfarin ár og gerði fráfarandi ríkissaksóknari það sérstaklega að umtalsefni í viðtali við hann 31. desember 2007 í Morgunblaðinu. Er það von allra sem við þessi mál starfa að nú verði breyting á.

Ríkissaksóknara bíður mikið starf við að móta ákæruvaldið í nýju lagaumhverfi. Stuðla þarf að því að ákæruvaldið sé heilsteypt. Til að það takist þarf að tryggja að ákærendur hafi sömu markmið, samræma vinnubrögð og hafi skýrar verklagsreglur. Auka þarf upplýsingaflæði á vefsíðu embættisins og byggja upp innra net sem yrði aðgengilegt öllum ákærendum í landinu. Þá þarf að auka fræðslu og endurmenntun ákærenda. Sjálfstæði ákæruvaldsins skilar sér síðan þegar innviðirnir styrkjast og réttaröryggi borgaranna kemur af sjálfu sér með menntuðu, heilsteyptu og þjálfuðu ákæruvaldi. Það eru því spennandi tímar framundan.

*Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari*

## 1.2 Skipan ákæruvalds

Frumvarp dómsmálaráðherra til laga um meðferð sakamála varð að lögum á vordögum 2008. Lögin sem eru nr. 88/2008 taka gildi 1. janúar 2009 og munu leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Lögin hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á skipan ákæruvalds. Veigamesta breytingin er sú að ákæruvaldinu verður framvegis skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja, eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Sett verður á stofn nýtt embætti héraðssaksóknara sem mun taka ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnsýslustigi í svo að segja öllum meiri háttar sakamálum og hafa eftirlit með lögreglustjórum sem ákærendum.

Eftir þessa breytingu fara ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar með ákæruvald í landinu. Lögreglustjórar eru 15 samkvæmt 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, svo sem lögunum var breytt með lögum nr. 42/2006, sem tóku gildi 1. janúar 2007. Áður voru lögreglustjórar 26 talsins.

Sú breyting verður með nýjum lögum um meðferð sakamála að ríkislögreglustjóri fer ekki lengur með ákæruvald. Héraðssaksóknari mun fara með ákæruvald vegna skatta- og efnahagsbrota, sem er á hendi ríkislögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.

Hlutverk ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvaldsins verður fyrst og fremst þríþætt, samkvæmt nýrri skipan. Í fyrsta lagi að setja almennar reglur um ákærendur og meðferð ákæruvalds og lögreglu á sakamálum, svo og að gefa ákærendum og lögreglu fyrirmæli um rannsókn og meðferð einstakra mála ef ástæða þykir til. Í öðru lagi að hafa eftirlit með meðferð ákæruvalds, m.a. með því að leysa úr stjórnsýslukærum, einkum þegar um er að ræða ákvarðanir héraðssaksóknara á fyrsta stjórnsýslustigi. Í þriðja lagi að taka ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum og annast flutning þeirra mála fyrir Hæstarétti.

Með þessum breytingum er stefnt að því að efla ákæruvaldið og styrkja sjálfstæði þess. Auk þess ætti réttaröryggi borgaranna að vera betur gætt með þessu móti, enda verður kæruleið vegna ákvarðana um saksókn tryggð.

## 1.3 Fundir með ákærendum

Árlegur fundur ríkissaksóknara með ákærendum var haldinn þann 23. febrúar 2007. Meginefni fundarins var skipan ákæruvalds með hliðsjón af frumvarpi til laga um meðferð sakamála og nýskipan lögregluumdæma. Framsögu höfðu Bogi Nilsson ríkissaksóknari og Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari, Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari og Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður ræddu um rannsókn kynferðisbrota og samskipti ákærenda við vitni og brotaþola. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari ræddi um fagfélag ákærenda og voru fundarmenn sammála um að tímabært væri að stofna slíkt félag. Kosinn var starfshópur til að undirbúa stofnun félags ákærenda.

## 1.4 Almennar leiðbeiningar ríkissaksóknara

Starfshópur ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi árin 2002 til 2006 skilaði skýrslu í maímánuði 2007. Í kjölfarið gaf ríkissaksóknari út endurnýjaðar leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála sem byggðu á tillögum starfshópsins.

Þá ritaði ríkissaksóknari lögreglustjórum allmörg dreifibréf vegna mála sem ofarlega voru á baugi og vörðuðu ákæruvaldið.

## 1.5 Ákærendafélagið

Ákærendafélag Íslands var stofnað á vel sóttum fundi í Þjóðmenningarhúsinu hinn 12. október. Í stjórn félagsins voru kosin Daði Kristjánsson aðstoðarsaksóknari, Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari, Ólafur Hauksson lögreglustjóri, Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari og Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota, sem jafnframt var kosinn formaður. Félaginu er m.a. ætlað að vinna að faglegum hagsmunamálum ákærenda og stuðla að upplýstri umræðu og skoðanaskiptum í samfélaginu um hlutverk ákærenda, meðferð refsimála og þróun löggjafar sem snertir störf ákærenda. Þá mun félagið leitast við að standa fyrir ráðstefnum og fræðafundum á sviði refsiréttar og opinbers réttarfars.

# 2. kafli

# Tölulegar upplýsingar

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif

Þar sem villa kom upp við talningu í málaskrá lögreglu þykir ekki rétt, að svo stöddu, að birta yfirlit yfir fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2007 greind eftir brotaflokkum. Hins vegar eru birtar töflur með samaburði á fjölda brota frá árunum 2003 til 2006.

Þann 1. janúar 2007 tóku gildi lög nr. 46/2006 en með þeim var lögregluumdæmum fækkað úr 26 í 15. Hafa upplýsingar frá árunum 2003 til 2006 frá þeim embættum sem nú hafa verið sameinuð verið settar saman þannig að þær sýna þann heildarfjölda sem embættin afgreiddu til samans þessi ár.

**Öll mál**

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 9889 | 2829 | 31,4 | 421 | 4,7 | 136 | 1,5 | 5612 | 62,4 |
| 2004 | 8783 | 2339 | 26,6 | 455 | 5,2 | 45 | 0,5 | 5944 | 67,7 |
| 2005 | 7256 | 1725 | 23,7 | 309 | 4,3 | 100 | 1,4 | 5122 | 70,6 |
| 2006 | 7701 | 1614 | 21,0 | 302 | 3,9 | 62 | 0,8 | 5723 | 74,3 |

**Ríkissaksóknari**

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 405 | 207 | 41,1 | 9 | 1,8 | 1 | 0,2 | 287 | 56,9 |
| 2004 | 532 | 227 | 42,7 | 3 | 0,6 | 0 | 0,0 | 302 | 56,7 |
| 2005 | 380 | 121 | 32,0 | 3 | 0,8 | 1 | 0,3 | 255 | 66,9 |
| 2006 | 563 | 223 | 39,6 | 10 | 1,8 | 1 | 0,2 | 329 | 58,4 |
| 2007 | 840 | 384 | 45,7 | 12 | 1,5 | 10 | 1,1 | 434 | 51,7 |

**Ríkislögreglustjórinn**

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 286 | 47 | 16,4 | 1 | 0,3 | 0 | 0,0 | 238 | 83,3 |
| 2004 | 191 | 32 | 16,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 159 | 83,2 |
| 2005 | 44 | 7 | 15,9 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 37 | 84,1 |
| 2006 | 168 | 2 | 1,2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 166 | 98,8 |

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 5824 | 2154 | 37,0 | 360 | 6,2 | 104 | 1,7 | 3206 | 55,1 |
| 2004 | 5237 | 1530 | 29,2 | 387 | 7,4 | 32 | 0,6 | 3288 | 62,8 |
| 2005 | 4543 | 1165 | 25,6 | 278 | 6,1 | 77 | 1,7 | 3023 | 66,6 |
| 2006 | 4465 | 1019 | 22,8 | 266 | 6,0 | 38 | 0,9 | 3142 | 70,3 |

**Lögreglustjórinn á Akranesi**

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 91 | 18 | 19,8 | 3 | 3,3 | 1 | 1,1 | 69 | 75,8 |
| 2004 | 75 | 11 | 14,7 | 1 | 1,3 | 0 | 0,0 | 63 | 84,0 |
| 2005 | 67 | 2 | 3,0 | 1 | 1,5 | 1 | 1,5 | 63 | 94,0 |
| 2006 | 101 | 6 | 5,9 | 0 | 0,0 | 5 | 5,0 | 90 | 89,1 |

## Lögreglustjórinn í Borgarnesi

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 140 | 12 | 8,6 | 1 | 0,7 | 0 | 0,0 | 127 | 90,7 |
| 2004 | 80 | 10 | 12,5 | 7 | 8,8 | 0 | 0,0 | 63 | 78,7 |
| 2005 | 109 | 37 | 33,9 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 72 | 66,1 |
| 2006 | 189 | 40 | 21,2 | 1 | 0,5 | 0 | 0,0 | 148 | 78,3 |

## Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 86 | 5 | 5,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 81 | 94,2 |
| 2004 | 86 | 7 | 8,1 | 0 | 0,0 | 1 | 1,2 | 78 | 90,7 |
| 2005 | 136 | 6 | 4,4 | 1 | 0,7 | 68 | 50,0 | 61 | 44,9 |
| 2006 | 99 | 8 | 8,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 91 | 91,9 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 189 | 34 | 18,0 | 3 | 1,6 | 2 | 1,0 | 150 | 79,4 |
| 2004 | 242 | 52 | 21,5 | 7 | 2,9 | 0 | 0,0 | 183 | 75,6 |
| 2005 | 185 | 29 | 15,7 | 1 | 0,5 | 0 | 0,0 | 155 | 83,8 |
| 2006 | 140 | 53 | 37,9 | 2 | 1,4 | 4 | 2,9 | 81 | 57,8 |

## Lögreglustjórinn á Blönduósi

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 88 | 4 | 4,5 | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 | 83 | 94,3 |
| 2004 | 75 | 23 | 30,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 52 | 69,3 |
| 2005 | 84 | 11 | 13,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 73 | 86,9 |
| 2006 | 97 | 5 | 5,2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 92 | 94,8 |

## Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 115 | 46 | 40,0 | 1 | 0,9 | 1 | 0,9 | 67 | 58,2 |
| 2004 | 70 | 31 | 44,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 39 | 55,7 |
| 2005 | 24 | 4 | 16,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 20 | 83,3 |
| 2006 | 55 | 5 | 9,0 | 0 | 0,0 | 3 | 5,5 | 47 | 85,5 |

## Lögreglustjórinn á Akureyri

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | Niðurfelld mál % | Fallið frá saksókn Fjöldi | Fallið frá saksókn % | Ákærufrestun Fjöldi | Ákærufrestun % | Ákærur Fjöldi | Ákærur % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 679 | 99 | 14,6 | 7 | 1,0 | 1 | 0,2 | 572 | 84,2 |
| 2004 | 710 | 37 | 5,2 | 6 | 0,9 | 3 | 0,4 | 664 | 93,5 |
| 2005 | 524 | 47 | 9,0 | 2 | 0,4 | 2 | 0,4 | 473 | 90,2 |
| 2006 | 476 | 72 | 15,2 | 2 | 0,4 | 2 | 0,4 | 400 | 84.0 |

## Lögreglustjórinn á Húsavík

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 92 | 5 | 5,4 | 5 | 5,4 | 0 | 0,0 | 82 | 89,2 |
| 2004 | 78 | 13 | 16,7 | 2 | 2,6 | 0 | 0,0 | 63 | 80,7 |
| 2005 | 52 | 16 | 30,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 36 | 69,2 |
| 2006 | 49 | 10 | 20,4 | 1 | 2,0 | 0 | 0,0 | 38 | 77,6 |

## Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 65 | 8 | 12,3 | 8 | 12,3 | 7 | 10,8 | 42 | 64,6 |
| 2004 | 89 | 24 | 27,0 | 2 | 2,2 | 3 | 3,4 | 60 | 67,4 |
| 2005 | 48 | 9 | 18,8 | 0 | 0,0 | 1 | 2,0 | 38 | 79,2 |
| 2006 | 51 | 8 | 15,7 | 1 | 2,0 | 0 | 0,0 | 42 | 82,3 |

## Lögreglustjórinn á Eskifirði

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 92 | 3 | 3,3 | 4 | 4,3 | 5 | 5,4 | 80 | 87,0 |
| 2004 | 84 | 5 | 5,9 | 1 | 1,2 | 0 | 0,0 | 78 | 92,9 |
| 2005 | 86 | 2 | 2,3 | 2 | 2,3 | 0 | 0,0 | 82 | 95,4 |
| 2006 | 117 | 6 | 5,1 | 0 | 0,0 | 3 | 2,6 | 108 | 92,3 |

## Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 83 | 37 | 44,6 | 2 | 2,4 | 0 | 0,0 | 44 | 53,0 |
| 2004 | 61 | 7 | 11,5 | 1 | 1,6 | 0 | 0,0 | 53 | 86,9 |
| 2005 | 47 | 17 | 36,2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 30 | 63,8 |
| 2006 | 58 | 10 | 17,3 | 5 | 8,6 | 0 | 0,0 | 43 | 74,1 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 68 | 10 | 14,7 | 1 | 1,5 | 8 | 11,8 | 49 | 72,0 |
| 2004 | 140 | 46 | 32,9 | 15 | 10,7 | 0 | 0,0 | 79 | 56,4 |
| 2005 | 152 | 39 | 25,7 | 12 | 7,9 | 0 | 0,0 | 101 | 66,4 |
| 2006 | 38 | 7 | 18,4 | 1 | 2,6 | 0 | 0,0 | 30 | 79,0 |

## Lögreglustjórinn á Selfoss

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 381 | 81 | 21,2 | 9 | 2,4 | 2 | 0,5 | 289 | 75,9 |
| 2004 | 562 | 177 | 31,5 | 5 | 0,9 | 0 | 0,0 | 380 | 67,6 |
| 2005 | 571 | 117 | 20,5 | 1 | 0,2 | 15 | 2,6 | 438 | 76,7 |
| 2006 | 632 | 70 | 11,0 | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 | 561 | 88,8 |

| Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2003 | 215 | 59 | 27,4 | 7 | 3,3 | 3 | 1,4 | 146 | 67,9 |
| 2004 | 473 | 108 | 22,8 | 18 | 3,8 | 6 | 1,3 | 341 | 72,1 |
| 2005 | 281 | 96 | 34,1 | 7 | 2,5 | 3 | 1,1 | 175 | 62,3 |
| 2006 | 403 | 70 | 17,4 | 12 | 3,0 | 6 | 1,5 | 315 | 78,1 |

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2634 ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðu eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

**Ríkisfang**

| Land | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Ísland | 2347 | 89,10 |
| Pólland | 96 | 3,64 |
| Litháen | 64 | 2,43 |
| Lettland | 18 | 0,68 |
| Portúgal | 16 | 0,61 |
| Bretland | 11 | 0,42 |
| Danmörk | 8 | 0,30 |
| Bandaríkin | 7 | 0,27 |
| Kína | 5 | 0,19 |
| Taíland | 4 | 0,15 |
| Þýskaland | 4 | 0,15 |
| Ítalía | 4 | 0,15 |
| Frakkland | 3 | 0,11 |
| Srí-Lanka | 3 | 0,11 |
| Finnland | 3 | 0,11 |
| Holland | 2 | 0,08 |
| Spánn | 2 | 0,08 |
| Svíþjóð | 2 | 0,08 |
| Víetnam | 2 | 0,08 |
| Albanía | 1 | 0,04 |
| Angóla | 1 | 0,04 |
| Ástralía | 1 | 0,04 |
| Eistland | 1 | 0,04 |
| Filippseyjar | 1 | 0,04 |
| Ghana | 1 | 0,04 |
| Grænhöfðaeyjar | 1 | 0,04 |
| Hvíta-Rússland | 1 | 0,04 |
| Kanada | 1 | 0,04 |
| Marokkó | 1 | 0,04 |
| Noregur | 1 | 0,04 |
| Rússland | 1 | 0,04 |
| Síerra Leóne | 1 | 0,04 |
| Túnis | 1 | 0,04 |
| Írland | 1 | 0,04 |
| Nýja-Sjáland | 1 | 0,04 |
| Serbía og Svartfjallaland | 1 | 0,04 |
| Bosnía og Hersegóvína | 1 | 0,04 |
| Íran | 1 | 0,04 |
| Namibía | 1 | 0,04 |
| Upplýsingar vantar | 13 | 0,49 |
| Samtals. | 2634 | 100,00 |

**Aldur**

| Aldur | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 15-19 ára | 780 | 19,3 |
| 20-24 ára | 1019 | 25,3 |
| 25-29 ára | 655 | 16,2 |
| 30-34 ára | 470 | 11,7 |
| 35-39 ára | 375 | 9,3 |
| 40-44 ára | 258 | 6,4 |
| 45-49 ára | 189 | 4,7 |
| 50-54 ára | 128 | 3,2 |
| 55-59 ára | 85 | 2,1 |
| 60-69 ára | 57 | 1,4 |
| 70 ára og eldri | 16 | 0,4 |
| Alls | 4032 | 100,0 |

**Kyn**

| Aldur | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Karl | 3517 | 87,1 |
| Kona | 515 | 12,7 |
| Fyrirtæki | 8 | 0,2 |
| Alls | 4040 | 100,0 |

**Aldur eftir kyni**

| | Meðal-aldur | Staðal-frávik | Mið-gildi | Lægsta gildi | Hæsta gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Karl | 29,4 | 11,3 | 26 | 15 | 84 |
| Kona | 28,7 | 11,8 | 26 | 15 | 71 |
| Alls | 29,5 | 11,4 | 26 | 15 | 84 |

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi fyrir í fleiri en einu málsnúmeri. Fyrirtæki eru ekki talin með.

## 2.3 Einstakir brotaflokkar hjá ríkissaksóknara

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2007. Til samanburðar eru einnig tölur vegna áranna 2003 til 2006. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri en eitt brot. Þess er sérstaklega getið ef fleiri en eitt mál eru sett saman í ákæru.

**Tafla: Manndráp (211. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2003 | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 1 | 50 | 1 | 50 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2004 | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 1 | 25 | 3 | 75 | 4 | 0 | 3 | 0 |
| 2005 | 9 | 0 | 0 | 9 | 100 | 6 | 67 | 3 | 33 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2006 | 6 | 0 | 0 | 6 | 100 | 1 | 17 | 5 | 83 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2007 | 3 | 0 | 0 | 3 | 100 | 0 | 0 | 3 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 211. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að í öðru af tveimur málum sem bárust á árinu 2003 var sýknað vegna skorts á sakhæfi en ákærða gert að sæta öryggisgæslu. Sama gildir um eitt mál sem barst á árinu 2004 og tvö mál sem bárust á árinu 2005. Í þremur af þeim málum sem sýknað var í árið 2005 vegna tilrauna til manndráps var brot heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Árið 2004 var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en fallið var frá áfrýjun í einu þeirra.

Á árinu 2006 bárust ríkissaksóknara sex mál þar sem brot voru heimfærð undir 211. gr. almennra hegningarlaga og var í öllum tilvikum um að ræða tilraunabrot. Í einu máli var sýknað vegna skorts á sakhæfi og ákærða gert að sæta öryggisgæslu.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara þrjú mál sem talin voru varða við 211. gr. og var í öllum tilvikum um að ræða tilraunabrot.

**Tafla: Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2003 | 33 | 1 | 3 | 32 | 97 | 5 | 16 | 27 | 84 | 5 | 1 | 4 | 0 |
| 2004 | 29 | 2 | 7 | 27 | 93 | 3 | 11 | 24 | 89 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| 2005 | 30 | 0 | 0 | 30 | 100 | 5 | 17 | 25 | 83 | 5 | 0 | 5 | 0 |
| 2006 | 25 | 1 | 4 | 24 | 92 | 2 | 9 | 22 | 82 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| 2007 | 35 | 6 | 17 | 27 | 77 | 1 | 4 | 23 | 85 | 3 | 0 | 3 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 35 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út 27 ákærur en sex málanna voru felld niður þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis. Í einu máli var fallið frá saksókn og eitt mál var endursent lögreglu til frekari rannsóknar. Þrjú af þeim málum sem ákært var í eru enn ódæmd.

**Tafla: Fíkniefnabrot (173. gr. a. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **Fjöldi** |
| 2003 | 5 | 0 | 0 | 5 | 100 | 0 | 0 | 5 | 100 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2004 | 9 | 0 | 0 | 9 | 100 | 1 | 11 | 7 | 78 | 4 | 0 | 2 | 0 |
| 2005 | 12 | 0 | 0 | 12 | 100 | 0 | 0 | 12 | 100 | 4 | 0 | 3 | 0 |
| 2006 | 9 | 1 | 11 | 8 | 89 | 0 | 0 | 8 | 100 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2007 | 10 | 1 | 10 | 9 | 90 | 2 | 25 | 6 | 75 | 1 | 0 | 1 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a almennra hegningarlaga, þ.e. stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að árið 2004 var ákært í 9 málum en ein ákæra var afturkölluð þar sem ákærði lést. Á því ári var fjórum dómum áfrýjað til Hæstaréttar. Í tveimur málum var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest og ein áfrýjun var afturkölluð. Fjórða málinu var einungis áfrýjað í því skyni að endurskoðuð yrði ákvörðun héraðsdóms um upptöku fjármuna og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu. Á árinu 2005 var fjórum málum áfrýjað til Hæstaréttar en ein áfrýjunin var afturkölluð áður en málið var tekið til meðferðar fyrir réttinum.

Í fjórum af 9 málum sem bárust árið 2006 voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í þeim tilvikum telst hafa verið ákært í máli.

Á árinu 2007 bárust 10 mál er vörðuðu stórfelld fíkniefnabrot. Ákært var í 9 þeirra en eitt var fellt niður þar sem það var ekki talið líklegt til sakfellis. Af þeim 9 sem ákært var í var sakfellt í 6 málum, sýknað í tveimur málum og eitt mál er enn ódæmt. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

**Tafla: Kynferðisbrot (194. - 198. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **%** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **Fjöldi** |
| 2003 | 65 | 49 | 75 | 16 | 25 | 11 | 69 | 5 | 31 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| 2004 | 43 | 32 | 74 | 11 | 26 | 3 | 27 | 8 | 73 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| 2005 | 52 | 33 | 63 | 19 | 37 | 8 | 42 | 10 | 53 | 5 | 0 | 5 | 0 |
| 2006 | 69 | 51 | 74 | 18 | 26 | 6 | 33 | 12 | 67 | 8 | 0 | 7 | 1 |
| 2007 | 71 | 49 | 69 | 19 | 27 | 2 | 11 | 17 | 89 | 12 | 0 | 5 | 7 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár. Hlutfall niðurfelldra mála er hátt í þessum málaflokki og einnig hlutfall sýknudóma. Árið 2007 sker sig hins vegar úr að því leyti að einungis er sýknað í 2 af þeim 19 málum sem ákært var í.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að eitt mál sem ákært var í árið 2005 er ólokið þar sem ákærði fór af landi brott og hefur enn ekki fundist.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 71 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 49 felld niður en gefin út ákæra í 19 málum. Eitt mál er óafgreitt og tvö voru endursend lögreglu til frekari rannsóknar. Í einni ákæru voru fjögur mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem fjórar ákærur.

**Tafla: Kynferðisbrot (200. - 202. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2003 | 60 | 33 | 55 | 27 | 45 | 6 | 22 | 21 | 78 | 12 | 2 | 10 | 0 |
| 2004 | 58 | 28 | 48 | 29 | 50 | 8 | 28 | 21 | 72 | 8 | 1 | 6 | 0 |
| 2005 | 35 | 17 | 48 | 16 | 46 | 7 | 44 | 9 | 56 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| 2006 | 59 | 34 | 57 | 24 | 41 | 3 | 12 | 21 | 88 | 5 | 1 | 4 | 0 |
| 2007 | 66 | 27 | 41 | 37 | 56 | 4 | 11 | 29 | 78 | 13 | 0 | 6 | 7 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess til skýringar að á árinu 2004 lauk einu máli með ákærufrestun og af þeim 8 málum sem var áfrýjað til Hæstaréttar var einu máli vísað frá.

Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í einu máli og gefin út skilorðsbundin ákærufrestun í einu máli.

Alls bárust 59 mál á árinu 2006 sem voru talin varða við ákvæði 200.-202. gr. hgl. Af þessum 59 málum voru 34 felld niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ákært var í 24 málum, fallið var frá saksókn í einu máli.

Á árinu 2007 bárust 66 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Ákært var í 37 málum og voru í sex ákærum fleiri en eitt mál. Vakin er athygli á því að þau mál eru í töflu hvert um sig talin sem sér ákæra. Samtals voru 27 mál felld niður og tvö mál eru enn óafgreidd. Af þeim 37 málum sem ákært var í var sakfellt í 29 málum, sýknað í fjórum og enn er ódæmt í fjórum málum.

**Tafla: Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2003 | 18 | 8 | 44 | 8 | 44 | 1 | 12 | 7 | 88 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2004 | 21 | 9 | 43 | 11 | 52 | 2 | 18 | 9 | 82 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2005 | 17 | 5 | 29 | 10 | 59 | 5 | 50 | 5 | 50 | 3 | 1 | 0 | 2 |
| 2006 | 20 | 8 | 40 | 12 | 60 | 3 | 25 | 9 | 75 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2007 | 28 | 13 | 46 | 15 | 54 | 3 | 20 | 9 | 60 | 0 | 0 | 0 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Hvað varðar fyrri ár er rétt að geta þess að á árinu 2003 var einu máli lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn. Árið 2004 lauk einu máli með ákvörðun um að hætta rannsókn á grundvelli 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Á árinu 2005 var fallið frá saksókn í tveimur málum.

Alls bárust ríkissaksóknara 28 mál á árinu 2007 þar sem brot voru heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 15 málum þar af voru fjögur mál saman í einni ákæru vegna sama sakbornings og teljast því sem fjórar ákæru. Alls voru 13 mál felld niður. Af þeim málum sem ákært var í eru þrjú enn ódæmd.

**Tafla: Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2003 | 16 | 3 | 19 | 13 | 81 | 1 | 8 | 12 | 92 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004 | 6 | 1 | 17 | 5 | 83 | 1 | 20 | 4 | 80 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2005 | 13 | 3 | 23 | 10 | 77 | 1 | 10 | 9 | 90 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2006 | 19 | 3 | 16 | 16 | 84 | 1 | 7 | 15 | 93 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2007 | 19 | 5 | 26 | 12 | 54 | 0 | 0 | 11 | 92 | 5 | 0 | 2 | 3 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin 5 ár.

Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Í fimm af þeim 19 málum sem bárust á árinu 2006 voru fleiri en einn sakborningur og málin felld niður á hendur sumum en aðrir ákærðir í sama máli. Þau mál eru í töflunni talin með þeim málum sem ákært var í.

Á árinu 2007 bárust ríkissaksóknara 19 mál sem heimfærð voru undir ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga. Ákært var í 12 málum. Í einni ákæru voru tvö mál og er vakin athygli á því að þau eru í töflu talin sem tvær ákærur. Fimm mál voru felld niður og tvö mál voru endursend lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 19 málum sem bárust vörðuðu 16 þeirra ætluð brot gegn 4. mgr. ákvæðisins, tvö mál gegn 3. mgr. (afhending klámefnis til barna yngri en 18 ára) og eitt mál gegn 2. mgr. (innflutningur og útbreiðsla kláms). Enn er ódæmt í einu máli sem gefin var út ákæra í.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Á árinu 2007 féll ríkissaksóknari frá saksókn í níu málum samkvæmt heimild í 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málsatvik voru í meginatriðum eins og hér greinir:

**2.4.1.** Maður sló annan mann með glerflösku í andlitið á skemmtistað svo af hlaust skurður á nefi og augabrún. Háttsemin var talin hafa falið í sér sérstaklega hættulega líkamsárás og gat varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Brotaþoli gerði ekki sérstaka refsikröfu í málinu. Málið var sent ríkissaksóknara til afgreiðslu um tveimur og hálfu ári eftir að rannsókn lauk. Ekki varð séð að maðurinn hafi borið ábyrgð á þeim drætti sem orðið hafði á rannsókninni. Maðurinn var dæmdur fyrir önnur brot eftir að hann framdi þetta brot. Hefði samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga átt að ákveða refsingu í fyrra málinu eins og bæði málin hefðu verið dæmd saman. Var talið að ef umrædd brot hefðu verið dæmd saman hefði fyrra brotið ekki haft nein áhrif til þyngingar þeirrar refsingar sem honum var gerð með dóminum. Fallið var frá saksókn með vísan til d-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.2.** Maður sem var í haldi lögreglu réðst á lögreglumann er verið var að færa hann milli fangaklefa og kom til átaka er hann var yfirbugaður. Lögreglumaðurinn hlaut væga áverka í andliti og hálsi og tognunareinkenni í hálsi, baki og öxlum. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Maðurinn var samkvæmt skýrslu geðlæknis haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og verulegur vafi á því hvort hann væri sakhæfur. Ekki var talið nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Vegna andlegra veikinda mannsins var fallið frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr. Sami maður kom við sögu í máli sem reifað er í lið 2.4.3.

**2.4.3.** Lögreglumenn höfðu afskipti af manni sem hafði verið með ónæði í verslun. Maðurinn sló lögreglumann í andlitið með flötum lófa. Er maðurinn var handtekinn veitti hann mótþróa og kom til átaka er hann var yfirbugaður. Lögreglumaðurinn sem maðurinn hafði slegið hlaut talsverðan roða í andliti. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Um var að ræða sama mann og greint er frá í lið 2.4.2 en fyrir lá skýrsla geðlæknis um að maðurinn væri haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og verulegur vafi á því hvort hann væri sakhæfur. Ekki var talið nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Vegna andlegra veikinda mannsins var fallið frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.4.** Beiðni barst frá starfsfólki réttargeðdeildar um aðstoð lögreglu vegna sjúklings. Er lögreglumaður hugðist tala við manninn á réttargeðdeildinni réðst maðurinn á lögreglumanninn og sló hann hnefahögg í höfuðið svo hann féll við og skall með höfuðið í steinvegg. Var maðurinn í framhaldinu yfirbugaður og kom til átaka við hann. Lögreglumaðurinn vankaðist af völdum hnefahöggsins og hlaut mikla blæðingu fyrir neðan vinstra auga og rispu undir sama auga og með höfuðverk og svima fyrstu daga á eftir. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir lá að maðurinn hafði með dómi í öðru máli verið talinn ósakhæfur vegna andlegra veikinda og dæmdur til að sæta öryggisgæslu sem hann sætti er atvik áttu sér stað. vegna andlegra veikinda mannsins var fallið frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.5.** Maður ók yfir leyfilegum hámarkshraða, sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og braut sér leið inn á flugvallarsvæði með því að aka á öryggisgirðingu. Maðurinn stöðvaði aksturinn við landgang flugfara þar sem hann var yfirbugaður af lögreglu. Maðurinn gaf þá skýringu að hann hefði verið að flýta sér til að ná millilandaflugi og hann hefði ekki tekið eftir lögreglubifreið sem fylgdi honum. Skýringar mannsins og framkoma á vettvangi bentu til þess að hann væri andlega veikur og haldinn ranghugmyndum. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn skyldum ökumanns við merkjagjöf lögreglu og reglum um hámarkshraða á vegi og gat varðað við 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt skýrslu geðlæknis var maðurinn ósakhæfur þar sem hann var haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og í sturlunarástandi og með ranghugmyndir er atvik áttu sér stað. Ekki var talið nauðsynlegt að gera kröfu um að hann yrði beittur öryggisráðstöfunum. Vegna andlegra veikinda mannsins var fallið frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.6.** Lögreglumenn höfðu afskipti af manni sem var til vandræða á bensínstöð. Maðurinn var mjög ölvaður og veittist að lögreglumönnum með ofbeldi. Maðurinn hrinti og sló lögreglumann hnefahögg í bringuna og sló annan lögreglumann hnefahögg í andlitið. Maðurinn var þá yfirbugaður og færður á lögreglustöð. Lögreglumennirnir hlutu ekki líkamstjón af háttsemi mannsins sem talin var hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Málinu var vísað til sáttamiðlunar eftir að maðurinn og lögreglumennirnir höfðu samþykkt slíka meðferð. Málinu lauk með sáttamiðlun en í sáttasamningi kom m.a. fram að maðurinn iðraðist gjörða sinna. Þar sem málinu lauk með sáttasamningi var ekki talið að almannahagsmunir krefðust málssóknar og var því fallið frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.7.** Lögreglumenn hugðust handtaka mann vegna rannsóknar máls. Við handtökuna kom til átaka og sló maðurinn lögreglumann í höfuðið svo hann hlaut rispu framan á enni. Maðurinn var mjög æstur og í annarlegu ástandi og hafði í hótunum við lögreglumenn er hann var yfirbugaður. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Maðurinn var dæmdur fyrir önnur brot eftir að hann framdi þessi brot. Hefði samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga átt að ákveða refsingu í fyrra málinu eins og bæði málin hefðu verið dæmd saman. Var talið að ef umrædd brot hefðu verið dæmd saman hefðu fyrri brotin ekki haft nein áhrif til þyngingar þeirrar refsingar sem honum var gerð með dóminum. Fallið var frá saksókn með vísan til d-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.8.** Mikið tjón hlaust af völdum bruna í atvinnuhúsnæði og maður, sem þar var staddur innandyra, brenndist mikið. Við rannsókn málsins var talið upplýst að maðurinn sem brenndist hafði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með tilteknum hætti og þannig valdið brunanum. Þá var talið upplýst að maðurinn hafði verið illa fyrir kallaður vegna lyfjaneyslu og samvistarslita við maka skömmu fyrir atvik og hann hafi í umrætt skipti ætlað að svipta sig lífi með eldfimum efnum. Einnig lágu fyrir upplýsingar um að maðurinn átti við áfengis- og geðræn vandamál að stríða. Háttsemin var talin hafa falið í sér stórfelld eignaspjöll framin af gáleysi og gat varðað við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 257. gr. almennra hegningarlaga. Vegna þess líkamstjóns sem maðurinn varð fyrir, sérstakra aðstæðna sem voru fyrir hendi hjá manninum auk þess sem almannahagsmunir kröfðust ekki málsóknar var fallið frá saksókn með vísan til c- og f-liðar 2. mgr. 113. gr.

**2.4.9.** Beiðni barst frá starfsfólki réttargeðdeildar um aðstoð lögreglu vegna sjúklings. Er lögreglumenn reyndu að tala við manninn og róa hann niður réðst maðurinn á lögreglumann og sló hann í höfuðið með borðlampa. Lögreglumaðurinn hlaut minniháttar skrámur á höfði. Háttsemin var talin hafa falið í sér brot gegn valdstjórninni og gat varðað við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir lá að maðurinn hafði með dómi í öðru máli verið talinn ósakhæfur vegna andlegra veikinda og dæmdur til að sæta öryggisgæslu sem hann sætti er atvik áttu sér stað. Vegna andlegra veikinda mannsins var fallið frá saksókn með vísan til b-liðar 2. mgr. 113. gr.

## 2.5. Tímalengd gæsluvarðhalds

| **Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2007 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.** | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 122 |
| Fjöldi einstaklinga | 110 |
| Dagar í gæslu | 6013 |

| **Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991:** | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. | 5024 | 98,51 | 6 | 307 |
| bcd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 361 | 8,20 | 1 | 22 |
| bcde-liðir 1. mgr. 108. gr. | 528 | 8,38 | 1 | 25 |
| c-liðar 1. mgr. 108. gr. | 1 | 1,00 | 1 | 1 |
| cd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 84 | 21,00 | 3 | 57 |
| ce-liðir 1. mgr. 108. gr. | 5 | 5,00 | 5 | 5 |
| d-liðar 1. mgr. 108. gr. | 10 | 10,00 | 10 | 10 |
| Samtals | 6712 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.6. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 25 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mál.

**Kærur á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 25 | 10 | 15 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 3 |
| Líkamsárásir | 14 |
| Húsbrot | 1 |
| Ærumeiðingar | 0 |
| Hótanir | 1 |
| Þjónaður | 1 |
| Eignaspjöll | 3 |
| Sérrefsilagabrot | 2 |
| Samtals | 25 |

- *Í máli var kært á ný eftir að ákv. var felld úr gildi*

Ríkissaksóknara bárust 57 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kæru frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr.

**Kærur á grundvelli 76.gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 57 | 20 | 36 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 13 |
| Rangar sakargiftir | 2 |
| Kynferðisbrot | 4 |
| Líkamsárásir | 9 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 |
| Hótanir | 2 |
| Þjófnaðir | 3 |
| Eignaspjöll | 3 |
| Sérrefsilagabrot | 4 |
| Annað | 15 |
| Samtals | 57 |

- *1 kæra var afturkölluð*
- *Í 1 máli kært á ný eftir að ákv. var felld úr gildi*

## 2.7. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála skv. 35. gr. lögreglulaga. Ríkislögreglustjórinn veitti slíka aðstoð um hríð en undanfarin misseri hefur ríkissaksóknari notið aðstoðar frá Lögregluskóla ríkisins. Um rannsókn þessara mála og afgreiðslu gilda lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málalok geta samkvæmt þeim lögum verið með fernum hætti; kæru er vísað frá sbr. 1. mgr. 76. gr., rannsókn er hætt skv. sama ákvæði, málið er fellt niður að rannsókn ríkissaksóknara aflokinni ef það sem fram kemur við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr., og að lokum er heimilt að falla frá saksókn skv. ákvæðum 113. gr. laganna þó að ætla megi samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum að brot hafi verið framið.

Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á hins vegar ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknara bárust 29 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra á árinu 2007. Ákært var í einu máli, kærum var vísað frá í 3 málun, í 12 málum var rannsókn hætt og 13 mál voru rannsökuð að fullu en felld niður á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991.

Stór hluti kærumálanna, eða 12, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa. Ekkert þeirra mála leiddi til ákæru á hendur lögreglumönnum. Var rannsókn hætt í 5 málum en 7 málum var lokið á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991. Ríkissaksóknari gerði athugasemdir við vinnubrögð lögreglu í þremur málanna, einkum með hliðsjón af meðalhófsreglunni, án þess að talið væri að um refsiverða háttsemi hefði verið að ræða. Einnig voru gerðar athugasemdir við skýrslugerð í tveimur málanna og við lengd vistunartíma handtekins manns í einu þeirra. Var þessum athugasemdunum komið á framfæri við viðkomandi lögreglustjóra.

Í fjórum málum var kært meint ofbeldi lögreglu án þess að það tengdist beint handtöku viðkomandi. Í einu málanna kærði maður lögreglu fyrir beitingu kylfu, en hann var sleginn tvisvar í lærið með kylfu er hann reyndi ásamt fleirum að frelsa handtekna konu. Að virtum atvikum og skýrslum lögreglu þóttu ekki efni til að hefja rannsókn vegna kærunnar. Maður sem handtekinn var vegna meints ölvunaraksturs og færður á lögreglustöð kærði harðræði lögreglumanna er taka þurfti kæranda tökum eftir að hann neitaði að gefa blóðsýni. Ástæða neitunarinnar var mikill ótti mannsins við nálar. Við rannsóknina fékk ríkissaksóknari m.a. afhentar upptökur úr öryggismyndavélum á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Á upptökunum sést og heyrist er lögreglumenn reyna, af stakri þolinmæði og kurteisi, að fá kæranda til að samþykkja blóðsýnatökuna, en án árangurs. Að lokum var því nauðsynlegt að taka manninn tökum svo læknir gæti tekið úr honum blóðsýni. Ljóst er að lögreglumennirnir höfðu til þess heimild að beita kæranda valdi til að taka þau blóðsýni sem nauðsynleg voru til rannsóknar á meintu ölvunarakstursbroti hans, sbr. til hliðsjónar 47. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Varð ekki séð að við þá valdbeitingu hefðu lögreglumennirnir brotið gegn ákvæðum hegningarlaga né meðalhófsreglu við framkvæmd starfa sinna. Rannsókn málsins var því hætt á grundvelli 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.
Þá kærði maður lögreglu vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir þegar lögregla þurfti að hafa af honum afskipti, en kærandi var farþegi í bifreið og var ökumaðurinn grunaður um ölvunarakstur. Kærandi fór í óleyfi inn í lögreglubifreið þegar færa átti ökumanninn á lögreglustöð og hugðist fylgja honum þangað. Hann sinnti ekki fyrirmælum um að fara út úr lögreglubifreiðinni og var hann þá færður út úr bifreiðinni með valdi af tveimur lögreglumönnum. Kærandi streittist á móti þegar verið var að færa hann út úr lögreglubifreiðinni og hélt því áfram þegar lögreglumenn héldu honum í tökum fyrir utan lögreglubifreiðina. Tók þá annar lögreglumaðurinn hann svokölluðu armsnúningstaki sem kennt er í Lögregluskóla ríkisins. Við þetta kveinkaði maðurinn sér og kveðst lögreglumaðurinn þá hafa sleppt takinu. Vitni sem fylgdi kæranda heim í kjölfar afskipta lögreglu af honum sá að hann var orðinn bólginn yfir olnboga. Kærandi leitaði á slysadeild sama dag og atvik áttu sér stað og við skoðun þar kom í ljós að liðbandafesta hafði rifnað af með minniháttar beinafrifu og var því lýst í læknisvottorði að áverkinn væri ígildi kröftugs tognunaráverka á olnboga. Talið var að allt benti til þess að því að kærandi hafi hlotið umrædda áverka á vinstri olnboga þegar lögreglumaðurinn beitti hann viðurkenndu lögreglutaki. Rannsókn málsins leiddi hins vegar ekki í ljós að lögreglumaðurinn hafi gengið harðar fram en nauðsyn krafði og ekki þótti líklegt að haggað yrði því mati lögreglumannsins að nauðsyn hafi borið til að beita kæranda lögreglutökunum sem beint eða óbeint leiddu til meiðsla hans. Að framangreindu virtu þótti það sem fram kom í rannsókninni ekki líklegt til sakfellis í hugsanlegu refsimáli á hendur lögreglumönnum fyrir brot gegn 219. gr. og/eða 132. gr. almennra hegningarlaga.
Í fjórða málinu kærði kona harðræði lögreglu við töku þvagsýnis með þvaglegg. Kærandi hafði verið handtekin í kjölfar umferðaróhapps en hún var grunuð um ölvun við akstur bifreiðar sem hafnaði utan vegar. Hún var ekki staðin að akstri bifreiðarinnar. Þvagsýnataka, samhliða blóðsýnatöku, er almennt talinn nauðsynlegur þáttur við rannsókn þegar grunur leikur á akstri bifreiðar undir áhrifum áfengis þegar málsatvik eru með þeim hætti sem að framan greinir, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 15. nóvember 2001, í máli nr. 350/2001. Skýr lagaheimild er fyrir þvagsýnatöku í þágu slíkrar rannsóknar, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga en um er að ræða sérheimild lögreglu án undangengins dómsúrskurðar. Kærandi neitaði að gefa þvagsýni sjálfviljug þrátt fyrir áskoranir þess efnis. Þvagsýnataka með þvaglegg var því nauðsynleg við þessar aðstæður, að höfðu samráði við lækni og hjúkrunarfræðing, en slíkir sérfræðingar voru til staðar í umrætt skipti og lögðu læknisfræðilegt mat á öryggi sýnatökunnar og framkvæmdu hana. Samkvæmt 3. málslið 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga bar kæranda að hlíta þeirri meðferð. Málsgögn báru hins vegar með sér að kærandi hafi sýnt mikinn mótþróa og verið æst. Hafi hún reynt að hindra sýnatökuna og veist að lögreglumönnum, lækni og hjúkrunarfræðingi. Við þessar aðstæður var talið nauðsynlegt að halda kæranda í tökum svo sýnatakan gæti farið fram og til að gæta að öryggi viðstaddra. Málsgögn báru með sér að valdbeiting hafi verið framkvæmd eins varlega og unnt var með hliðsjón af aðstæðum. Að framangreindu virtu og með vísan til fyrirliggjandi rannsóknargagna þótti sýnt að aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar og nauðsynlegar og valdbeiting hafi verið innan eðlilegra marka og því þóttu ekki efni til að hefja opinbera rannsókn og var kærunni vísað frá. Kærum var vísað frá í tveimur málum til viðbótar þar sem ljóst þótti að ekki var verið að lýsa refsiverðri háttsemi í þeim kærum.

Fimm kærur bárust er vörðuðu leit lögreglu, þar af fjölluðu þrjú málanna um líkamsleit sem gerð var á þremur ungum mönnum við sama tækifæri vegna gruns um fíkniefnabrot. Leitað var á tveimur þeirra á vettvangi með þeirra samþykki en þeir töldu að lögreglumennirnir hefðu ekki gætt þess nægjanlega að valda sér ekki óhagræði eða óþægindum umfram það sem þörf hafi verið á, með því að framkvæma leitina utan dyra en kalt hafi verið í veðri og kærendur illa klæddir. Ekki þótti efni til frekari aðgerða af hálfu ríkissaksóknara vegna þessara kæruefna og málin því felld niður. Þriðji kærandinn heimilaði einnig leit á sér á vettvangi en afturkallaði síðan þá heimild. Var þá tekin sú ákvörðun að handtaka hann og færa á lögreglustöð til að framkvæma nákvæmari leit, þ.e. leit innan klæða, en slíka leit er ekki unnt að

framkvæma úti á götu. Ástæða þess að tekin var ákvörðun um líkamsleit, og beiðni kæranda hafnað um að ljúka leit á staðnum var sú, að vegna viðbragða kæranda vaknaði grunur um að hann hefði fíkniefni falin innan klæða. Málinu var lokið á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991. Í fjórða málinu var kærð húsleit á heimili í tengslum við rannsókn á meintum fíkniefnabrotum og í því fimmta taldi kærandi að lögreglumenn hefðu farið í heimildarleysi í fangaklefa hans og leitað í skápum og hirslum og skoðað einkabréf og dagbók. Í hvorugu málanna var talið að lögregla hefði farið út fyrir heimildir sínar við leit.

Lögreglumenn voru í tveimur málum grunaðir um umferðarlagabrot í starfi sínu. Í öðru málinu var lögreglufulltrúi grunaður um ölvunarakstur er hann kom akandi á slysavettvang og í hinu málinu var lögreglumaður grunaður um ýmis brot á umferðarlögum er hann ók lögreglubifreið i forgangsakstri á móti rauðu ljósi, en árekstur varð á gatnamótum með lögreglubifreiðinni og sendibifreið sem ók yfir á grænu ljósi. Málin voru felld niður á grundvelli 112. gr. laga nr. 19/1991.

Í einu máli var til rannsóknar upplýsingaleki frá lögreglu til óviðkomandi aðila með sms-sendingum þar sem fram komu upplýsingar um aðgerðir lögreglu gagnvart tilteknum einstaklingi. Var málið fellt niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ríkissaksóknara barst kæra manns á hendur lögreglu fyrir að hafa látið aflífa hund kæranda. Fram kom í gögnum málsins að lögreglu hafði borist tilkynning um að hundurinn hafi ráðist á konu og klórað hana illa og að hann hafi jafnframt reynt að glefsa í son konunnar. Fyrir lágu myndir af áverkum konunnar. Með hliðsjón af málavöxtum og skýru ákvæði í lögreglusamþykkt viðkomandi sveitarfélags um að aflífa skuli hunda sem ráðast á fólk, var ekki talið að fyrir lægi grunur um saknæma háttsemi viðkomandi lögreglumanns við framkvæmd starfa hans. Því þóttu ekki efni til frekari aðgerða af hálfu ríkissaksóknara á grundvelli kærunnar, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Ríkissaksóknari ákærði einn lögreglumann á árinu 2007 fyrir brot í opinberu starfi. Var hann ákærður fyrir að hafa misnotað stöðu sína sem varðstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, er hann nýtti sér mannafla lögreglu, lögreglubifreiðir og talstöðvarkerfi lögreglu í eigin þágu og gaf fyrirmæli um akstur með forgangsmerkjum og lét slíkan akstur viðgangast, á leið sinni frá heimili sínu til Keflavíkurflugvallar, í einkaerindum, svo hann missti ekki af flugi til Kaupmannahafnar og tengiflugi til Litháen, sem ákærði hafði keypt flugmiða til, og með því teppt búnað og mannafla lögreglu frá skyldustörfum. Málinu var lokið með viðurlagaákvörðun í héraðsdómi og var ákærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000 innan fjögurra vikna frá dagsetningu viðurlagaákvörðunarinnar, en sæta ella fangelsi í 14 daga.

## 2.8 Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2007 voru 95 talsins, auk þess sem eitt mál var endurupptekið.

Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 17 málum en fallið var frá áfrýjun í einu. Hæstaréttur sakfelldi ákærðu/þyngdi refsingu í 9 málum, staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sýknu í 4 málum. Tveimur málanna var heimvísað í héraðsdóm og einu vísað frá.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 78 málum en fallið var frá áfrýjun í tveimur. Hæstiréttur sýknaði í 7 tilvikum, í 24 var refsing milduð, í 20 refsing þyngd og í 18 var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Þremur málum var heimvísað í héraðsdóm og einu vísað frá Hæstarétti. Fjögur málanna eru ódæmd.

Af þeim dómum sem áfrýjað var af frumkvæði ákæruvalda má nefna mál þar sem A var ákærður sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa tekið mynd á gsm-síma sinn af nafngreindri, nakinni stúlku án hennar vitneskju og að hafa síðar sýnt öðrum þessa mynd ásamt annarri mynd, er A sagði vera af kynfærum stúlkunnar. Héraðsdómur sýknaði A á þeim forsendum að orðalag ákvæðisins benti til þess að með lostugu athæfi væri átt við háttsemi af kynferðislegum toga sem væri til þess fallin að veita þeim sem slíka háttsemi hefur í frammi einhverja kynferðislega fullnægju. Ekkert benti til þess að svo hafi verið í tilfelli ákærða. Með dómi Hæstaréttar í mál nr. 242/2007 var A sakfelldur. Vísaði rétturinn til þess að með lostugu athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga væri átt við athöfn af kynferðislegum toga sem gengi skemmra en samræði og önnur kynferðismök. Hlutrænt séð og eins og aðstæðum væri háttað í umrætt sinn yrði að líta svo á að taka myndarinnar og eftirfarandi sýning hennar og annarrar myndar úr sama síma, er ákærði sagði vera af kynfærum stúlkunnar, hafi verið lostugt athæfi í skilningi ákvæðisins sem væri til þess fallin að særa blygðunarkennd stúlkunnar. Refsing var ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingarinnar frestað.
Þá var dómum í þremur samskonar málum áfrýjað af hálfu ákæruvalds en í þeim voru karlmenn ákærðir fyrir tilraun til kynferðisbrots með því að hafa farið í íbúð í Reykjavík í því skyni að hafa samræði við 13 ára stúlku. Höfðu þeir komist í kynni við stúlkuna í gegnum spjallrás á netinu en umrædd stúlka var í raun uppspuni sjónvarpsþáttarins Kompáss á Stöð 2. Helstu sönnunargögn ákæruvaldsins voru gögn sem til urðu við gerð sjónvarpsþáttarins með aðstoð tálbeitu. Héraðsdómur sýknaði ákærðu. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þegar samskipti ákærðu á spjallrásinni við svokallaða tálbeitu væru virt í heild benti allt til þess að þeir hefðu talið að þeir myndu hitta þar 13 stúlku í því skyni að hafa við hana kynferðismök, enda yrði að telja skýringar þeirra á för sinni íbúðin afar ósennilegar. Gegn neitun ákærðu yrði sakfelling hins vegar ekki reist á þeim gögnum einum sem ákæruvaldið byggði á í málinu og fengin voru með þeim hætti sem þar væri nánar lýst. Var niðurstaða héraðsdóms um sýknu mannanna á tilraun til kynferðisbrots því staðfest, sjá mál nr. 584, 585 og 609/2007.

Í einum dómanna sem áfrýjað var af frumkvæði ákærða hafði K verið sakfelldur í héraðsdómi fyrir að hafa sem ritstjóri B á árinu 2005 birt í blaðinu fjórar auglýsingar á áfengi og með því brotið gegn 20. gr., sbr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Í máli Hæstiréttar nr. 491/2007 staðfesti meirihluti réttarins niðurstöðu héraðsdóm og vísaði til þess að ekki væri talið að 20. gr. áfengislaga bryti í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi eða skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, en slíkum vörnum hafði áður verið hafnað í dómum Hæstaréttar. Hvað varðaði þá málsástæðu K þess efnis að undantekning frá banni við áfengisauglýsingum í 20. gr. áfengislaganna, er lyti að auglýsingum í erlendum prentritum sem flutt væru til landsins, bryti í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar vísaði rétturinn til þess að með dómi í máli nr. 220/2005 hefði verið talið að hliðstætt ákvæði tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 bryti ekki gegn jafnræðisreglu. Að því virtu sem og röksemdum ákæruvaldsins var ekki fallist á að ákvæði 20. gr. áfengislaga bryti gegn áðurnefndu ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá var ekki fallist á það með K að rannsókn lögreglu hefði verið ábótavant. Þar sem höfundur auglýsinganna hafði ekki nafngreint sig bar K ábyrgð á birtingu auglýsinganna samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt. Var hann dæmdur til greiðslu 1.000.000 króna sektar.

## Fjöldi áfrýjana eftir brotaflokkum 2007

### Hegningarlagabrot

| | |
|---|---|
| Kynferðisbrot | 19 |
| Auðgunarbrot | 1 |
| Líkamsárásir | 20 |
| Fíkniefnabrot | 4 |
| Rán | 5 |
| Tilraun til manndráps | 2 |
| Líkamsmeiðing af gáleysi | 1 |
| Frelsissvipting - húsbrot | 1 |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 |
| Skjalafals | 1 |
| Nytjastuldur | 15 |

### Sérrefsilagabrot

| | |
|---|---|
| Skattalagabrot | 4 |
| Umferðarlagabrot | 11 |
| Fiskveiðibrot | 2 |
| Höfundarlög | 1 |
| Fíkniefnabrot | 3 |
| Vopnalög | 1 |
| Áfengisauglýsingar | 1 |
| Útvarpslög | 1 |
| Tollalög | 1 |
| **Samtals** | **91** |

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

**Hér gefur að líta yfirlit yfir mál í nokkrum brotaflokkum sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi á árinu í héraði og fyrir Hæstarétti.**

## 3.1. Heimilisofbeldi

Með lögum nr. 27/2006, sem tóku gildi 3. maí 2006, var nýrri málsgrein, 3. mgr., bætt við 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greinin er svohljóðandi: Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.
Fram kemur í greinagerði með frumvarpi því er varð að lögum nr. 27/2006 að í kjölfar sérstakrar athugunar í dómsmálaráðuneytinu á heimilisofbeldismálum hafi refsiréttarnefnd verið falið að gefa álit á því hvort setja bæri í almenn hegningarlög refsiákvæði þar sem heimilisofbeldi yrði lýst sem sérstökum refsinæmum verknaði eða styðjast áfram við hin almennu líkamsárásarákvæði laganna. Niðurstaðan var sú að fara þá leið að lögfesta ofangreint ákvæði sem felur í sér refsiþyngingarástæðu þegar tengsl geranda og brotaþola þykja auka á grófleika þess verknaðar sem um ræðir.
Ríkissaksóknari gaf út ákærur í nokkrum málum á árinu þar sem brot ákærðu beindust að maka eða fyrrverandi maka. Þess má geta að lögreglustjórar fara með ákæruvald í langflestum málum er varða heimilisofbeldi þar sem oftast er um að ræða brot sem falla undir verknaðarlýsingu 217. gr. eða 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e.a.s. þegar um er að ræða líkamsárás sem ekki telst stórfelld eða sérstaklega hættuleg.
Í tveimur málum var ákært fyrir tilraun til manndráps ásamt öðrum brotum. Í öðru málanna var 47 ára gamall maður ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa hellt bensíni yfir þáverandi unnustu sína og ætlað að bera eld að henni en horfið frá því þegar honum varð ljóst að hann hafði ekki nothæf eldfæri. Hann var einnig ákærður fyrir tilraun til manndráps, stórfellda líkamsárás og brot gegn lífi og líkama með því hafa nokkrum vikum síðar veist að sömu konu og stungið hana með hnífi og eftir að eldur kom upp í húsinu þar sem þau voru staðsett, veist að öðrum manni og stungið hann með hnífi, kastað logandi efni í konuna þannig að hún hlaut I-III. stigs bruna á um 5-7% líkamans og loks látið fyrirfarast að koma konunni út úr brennandi húsinu en henni var bjargað meðvitundarlausri út þegar lögregla kom á staðinn. Einnig var ákært fyrir sviptingaakstur og brot gegn valdstjórninni. Ákærði var sýknaður af öllum ákæruliðum að því undanskildu að atlaga hans að konunni með hnífi þótti sönnuð en háttsemin var felld undir verknaðarlýsingu 2. mgr. 218. gr. hgl. þar sem ekki taldist sannað að ásetningur hans hafi staðið til að svipta konuna lífi. Þá játaði hann sviptingakstur. Ákærði var þann 26. apríl 2007 í Héraðsdómi Norðurlands eystra dæmdur í 3 ára fangelsi og var vísað til alvarleika árásarinnar. Dóminum var ekki áfrýjað.
Hins vegar var 51 árs gamall maður ákærður fyrir hótun um líkamsmeiðingar og að hafa stofnað lífi eiginkonu sinnar í augljósan háska þegar hann, undir áhrifum áfengis, ógnaði henni með því að beina að henni hlaupi hlaðinnar haglabyssu og fyrir tilraun til manndráps, en til vara sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa stuttu síðar skotið að eiginkonu sinni úr umræddri haglabyssu. Skotið fór í gegnum peysu hennar við öxl auk þess sem hún hlaut rispur í andlit. Með dómi Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 26. júlí 2007 var ákærði sýknaður af hótunarbrotinu en sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Refsing var ákveðin fangelsi í fjögur og hálft ár. Dómnum var áfrýjað og með dómi Hæstiréttar í máli nr. 438/2007, uppkveðnum 7. febrúar 2008, var refsingin þyngd í sex ára fangelsi og vísað m.a. til 3. mgr. 70. gr. hgl.

Þá var 30 ára maður ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa ráðist að fyrrum unnustu sinni og m.a. tekið hana kverkataki, svo hún átti erfitt með andadrátt, og vafið sæng um höfuð hennar og þrýst að andliti hennar svo henni lá við köfnun. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28. júní 2007 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 18 mánaða fangelsi. Um var að ræða hegningarauka við 30 daga skilorðsbundinn dóm sem var dæmur upp. Dómurinn vísað m.a. til 3. mgr. 70. gr. hgl. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti hann með dómi í máli nr. 381/2007 frá 29. nóvember 2007.

Ennfremur var 18 ára maður var ákærður fyrir líkamsárás og brot gegn frjálsræði fyrrum unnustu sinnar með því að hafa beitt hana ýmiss konar ofbeldi í bifreið sinni og þegar konunni tókst að komast út úr bifreiðinni elt hann hana uppi og dregið hana nauðuga aftur inn í bifreiðina og haldið árásinni áfram þar til hann henti henni út úr bifreiðinni. Honum var einnig gefið að sök að hafa hótað konunni með símaskilaboðum. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi í dómi sínum frá 21. september 2007 ósannað að maðurinn hefði hent konunni út úr bifreiðinni en sakfelldi hann að öðru leyti í samræmi við ákæru. Refsing var ákveðin 45 daga fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár. Héraðsdómari taldi það m.a. ákærða til málsbóta að konan hafði storkað honum með því að segjast hafa verið honum ótrú. Dóminum var áfrýjað. Hæstiréttur kvað upp dóm 22. maí 2008 og taldi ekki sannað að maðurinn hefði brotið gegn frjálsræði konunnar en þyngdi refsingun í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár. Hæstiréttur tekur sérstaklega fram að það réttlæti ekki verknaðinn að brotaþoli hafi storkað ákærða með því að segjast hafa verið honum ótrú.

Tvær ákærur frá árinu varða kynferðisbrot gegn maka eða fyrrverandi maka.
40 ára gamall maður var í Héraðsdómi Suðurlands þann 13. mars 2008 fundinn sekur um frelsissviptingu, líkamsárás og nauðgun sem beindist gegn unnustu hans. Refsing var ákveðin fangelsi í eitt ár en þar af voru níu mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára. Dóminum hefur verið áfrýjað.

Þá var 55 ára maður ákærður fyrir frelsissviptingu, stórfellda líkamsárás og kynferðisbrot gegn þáverandi sambýliskonu sinni. Manninum var gefið að sök að hafa haldið konunni nauðugri í íbúð þeirra í tæpan sólarhring, fyrir að hafa slegið hana ýmiss hnefahögg, rifið í hár hennar, ógnað henni með kjötexi og búrhníf, slegið hana með flötu blaði kjötexinnar og búrhnífsins og í nokkur skipti þrýst kodda fyrir andlit hennar þar til hún var við að missa meðvitund. Loks var hann ákærður fyrir að hafa í tvö skipti þröngvað konunni til samræðis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19.

júní 2007 var ákærði sakfelldur fyrir brot sín að því frátöldu að ekki taldist sannað að hann hafi þrýst kodda fyrir andlit hennar eða nauðgað henni oftar en einu sinni. Ákærði hafði með dómi Hæstaréttar í máli nr. 630/2006 verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir nauðgun, frelsissviptingu og líkamsárás gagnvart þremur konum sem allar voru þáverandi eða fyrrverandi makar hans. Með hliðsjón af ítrekunaráhrifum vegna þess dóms, 3. mgr. 70. gr. hgl., alvarleika brotanna og fleiru var refsing ákærða fangelsi í fimm ár. Dóminum var áfrýjað en Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna með dómi sínum í máli nr. 380/2007 sem upp var kveðinn 31. janúar 2008.

Loks var 23 ár karlmaður ákærður fyrir húsbrot og sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa tvisvar, með stuttu millibili, ruðst í heimildarleysi inn á heimili fyrrverandi kærustu sinnar og í bæði skiptin veist að henni og slegið hana ítrekað í höfuð og líkama með trékylfu og hnefum og í fyrra skiptið að auki skallað hana í andlitið. Hann var einnig ákærður fyrir að hafa skallað blaðburðardreng í stigagangi hússins og fyrir eignarspjöll og umferðarlagabrot. Ekki var talið sannað að ákærði hefði slegið konuna í höfuðið með kylfunni og þar sem ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um kylfuna var háttsemi ákærða felld undir verknaðarlýsingu 217. gr. hgl. um minniháttar líkamsárás. Hann var einnig sakfelldur fyrir önnur ákæruatriði og dæmdur í 8 mánað fangelsi en frestað var fullnustu 6 mánaða skilorðsbundið í tvö ár auk þess sem hann var sviptur ökurétti ævilangt með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. mars 2008.

Enn sem komið er er erfitt að segja til um hversu mikil áhrif til refsiþyngingar hið nýja ákvæði í 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga hefur á ákvörðun refsingar. Í nokkrum þeirra dóma sem hér hafa verið reifaðir er vísað til ákvæðisins þegar fjallað er um ákvörðun refsingar. Hins vegar er um fáa dóma að ræða og mismunandi brot en það verður fróðlegt að fylgjast með þróun dómaframkvæmdar hvað þetta varðar á næstu árum.

## 3.2 Stórfelldar líkamsárásir

Eins og fram kemur í kaflanum um tölulegar upplýsingar gaf ríkissaksóknari út 27 ákærur á árinu vegna brota á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Í nokkrum þessara mála var um að ræða sérstaklega alvarlegar afleiðinga af árás.

24 ára gamall maður var ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið annan mann í andlitið með glerflösku og sparkað ítrekað í höfuð hans og efri hluta líkama, með þeim afleiðingum að hann hlaut blæðingu undir slímhúð, lítilsháttar blæðingar í forhólfi, litlar punktblæðingar í sjónhimnu, glerhlaupslos og væga áverkatengda skýmyndun, allt á vinstra auga, og u.þ.b. tveggja sentimetra skurð á vinstra auga. Ekki taldist sannað að ákærði hefði slegið brotaþola í andlitið með glerflösku en hann sakfelldur að öðru leyti í samræmi við ákæru. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi manninn þann 13. september 2007 í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi en dæmdur var upp 30 daga skilorðsbundinn dómur.

Rúmlega þrítugur maður var ákærður fyrir að hafa slegið mann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði, hlaut glóðarauga og sár undir vinstra auga og brot í vinstri augnbotn, sem leiddi til langvarandi sjónskerðingar og varanlegrar tvísýni á vinstra auga. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 27. nóvember 2007 var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi. Málinu var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar frá 8. maí 2008 var refsing ákærða milduð og hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 17. desember 2007 var 26 ára karlmaður sakfelldur fyrir tvær minniháttar líkamsárásir og eina sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa slegið mann nokkur högg í höfuðið með golfkylfu. Maðurinn hlaut mar og eymsli hægra megin á hálsi, mar á stóru svæði á vinstra gagnauga, heilablæðingu yfir vinstra gagnaugasvæði, mar á heila vinstra megin og gat á hljóðhimnu vinstra megin. Ákærði var dæmdur í 8 mánaða fangelsi en með vísan til hreins sakavottorðs og játningar var fullnustu sex mánaðað frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Hæstiréttur staðfesti dóminn í máli nr. 100/2008.

Þá var 16 ár drengur ákærður fyrir að hafa slegið annan mann í höfuðið með glerflösku með þeim afleiðingum að flaskan brotnaði og maðurinn féll niður í tröppur húss og hlaut hann mar í kringum augu, þrjár sprungur í höfuðkúpu vinstra megin og mar í heilavef framan til vinstra megin. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. janúar 2008 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af voru þrír mánuður skilorðsbundnir. Var m.a. vísað til ungs aldurs ákærða og játningar hans.

## 3.3 Ungir afbrotamenn

Nokkur umræða var um unga afbrotamenn á árinu í kjölfar frétta af alvarlegum brotum ungmenna. Hér að ofan voru reifaðir málavextir í líkamsárásarmáli þar sem ákærði var 16 ára.

Auk þess má nefna tvo dóma þar sem einn ákærða er fæddur árið 1991. Annars vegar er um að ræða ákæru fyrir rán þar sem þremur ungum mönnum var gefið að sök að hafa farið í verslun í Hafnarfirði, tveir þeirra með andlit sín hulin og vopnaðir dúkahnífum sem þeir beindu að starfsmönnum verslunarinnar. Einn ákærðu, sem fæddur er árið 1991, hótaði að skera starfsmann á háls. Ákærðu kröfðu starfsmennina um peninga og neyddu þá með ógnandi framkomu til að opna tvo peningakassa og höfðu á brott með sér samtals kr. 41.000, fimm vindlingapakka og DVD mynddiska. Þá var ungi maðurinn einnig ákærður fyrir tvö rán sem framin voru í félagi við tvo aðra og fyrir tilraun til þjófnaðar. Héraðsdómur

Reykjaness dæmdi piltinn í 20 mánaða fangelsi með dómi uppkveðnum 12. júlí 2007. Sama dag var gefin út önnur ákæra þar sem pilturinn var ákærður fyrir þjófnað, fíkniefnalagabrot, tilraun til þjófnaðar, nytjastuld og umferðalagabrot. Hann var auk þess ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og tilraun til ráns með því að hafa slegið leigubílsstjóra tvisvar í höfuðið með klaufhamri og reynt að neyða út úr honum pening en leigubílsstjórinn komst undan. Leigubílsstjórinn hlaut skurð á hnakka og sár hægra megin á höfði rétt ofan ennis með undirliggjandi broti á höfuðkúpu og innanbastsblæðingu. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm 16. ágúst 2007 og dæmdi ákærða í tveggja og hálfs árs fangelsi. Dómurinn var hegningarauki við dóm Héraðsdóms Reykjaness frá 12. júlí. Málunum var áfrýjað og með dómi Hæstaréttar í máli nr. 511/2007 uppkveðnum 28. febrúar 2008 var refsing ákærða ákveðin fjögurra ára fangelsi fyrir öll brotin.

## 3.4 Brot í opinberu starfi

**Tvær ákærur voru gefna út á árinu vegna brota í opinberu starfi.**

Varðstjóri hjá lögreglunni var ákærður fyrir að misnota stöðu sína er hann nýtti sér mannafla lögreglu, lögreglubifreiðir og talstöðvarkerfi lögreglu í eigin þágu og gaf fyrirmæli um akstur með forgangsmerkjum og lét slíkan akstur viðgangast, á leið sinni frá heimili sínu til Keflavíkurflugvallar, í einkaerindum, svo hann missti ekki af flugi. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi manninn til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 200.000 með dómi uppkveðnum 23. ágúst 2007.
Þá var fangavörður ákærður fyrir fíkniefnalagabrot og peningaþvætti í opinberu starfi. Fangaverðinum var gefið að sök að hafa misnota sér stöðu sína til að smygla 33,66 g af amfetamíni og 241,15 g af kannabis inn í fangelsi og móttekið, frá fanga sem einnig var ákærður, umslag sem fangaverðinum var ljóst að innihélt söluandvirði fíkniefnanna að fjárhæð kr. 100.000 í reiðufé, smyglað peningunum út úr fangelsinu og afhent þá tilteknum manni. Héraðsdómur Suðurlands dæmdi fangavörðinn í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi uppkveðnum 14. maí 2007.

## 3.5 Umferðalaga- og almannahættubrot

Ofsaakstur nokkurra ökumanna um götur borgarinnar vakti nokkra athygli á árinu. Tvö þessara mála leiddu til þess að ökumennirnir voru ákærðir fyrir ýmiss umferðalagabrot sem og almannahættubrot. Í báðum tilvikum var um að ræða unga menn sem eru fæddir árið 1985. Í öðru málanna var ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna, án gildra ökuréttinda og án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu, langt yfir leyfilegum hámarkshraða um götur Reykjavíkur og um Smiðjuveg í Kópavogi og þannig raskað umferðaröryggi og stofnað lífi og heilsu tveggja farþega bifreiðarinnar og annarra vegfarenda á akstursleiðinni á ófyrirleitinn hátt í augljósa hættu. Ákærði ók bifreiðinni meðal annars með allt að 160 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði er 80 km á klst., hann ók yfir grasflöt og inn á aðrein, stöðvaði ekki við biðskyldu þannig að ökumaður annarar bifreiðar varð að nauðhemla, hann ók utan í kyrrstæðar bifreiðar, á móti aksturstefnu á hringtorgi og loks ók hann á röngum vegahelming. Lögregla stöðvaði akstur ákærða með því að aka á bifreið hans. Ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. maí 2007 sakfelldur fyrir ýmiss umferðarlagabrot sem og fyrir að raska umferðaröryggi og stofna lífi og heilsu tveggja farþega bifreiðar sinnar og annarra vegfarenda á akstursleiðinni á ófyrirleitinn hátt í augljósa hættu. Ákærði var með töluverðan sakaferil og rauf skilorð með brotum sínum. Var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi, en frestað var fullnustu 9 mánaða skilorðsbundið í 3 ár, til greiðslu 300.000 króna sektar og sviptur ökurétti í tvö ár.

Hins vegar var ákært fyrir hegningar- og umferðalagabrot en ákærði ók bifreið undir áhrifum áfengis, fór ekki að fyrirmælum lögreglumanns vegna umferðarstjórnunar um tímabundið akstursbann um aðrein frá Lönguhlíð inn á Miklubraut vegna umferðarslyss sem hafði orðið skömmu áður á Miklubraut vestan Lönguhlíðar, en ók þess í stað bifreiðinni vestur Miklubraut, of hratt miðað við aðstæður og viðstöðulaust um slysavettvanginn þar sem lögreglumenn og hjálparlið voru að störfum, áfram vestur Hringbraut og þar svo óvarlega um hringtorg við Suðurgötu að bifreiðin rakst utan í umferðarskilti. Með háttsemi sinni stofnaði ákærði á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska lífi og heilsu fjögurra lögreglumannanna, slökkviliðsmanns og starfsmanns Reykjavíkurborgar, sem voru við störf á slysavettvangnum á Miklubraut, en þeir gátu með naumindum forðað sér frá bifreiðinni sem ákærði ók. Ákærði rauf skilorð með broti sínu og var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi, til greiðslu 150.000 króna sektar og sviptur ökurétti í 18 mánuði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. maí 2007.

Loks má geta máls sem varðar klórgasmengun sem átti sér stað í sundlaug Eskifjarðar í júní 2006. Tveir menn voru ákærðir í málinu fyrir almannahættubrot framið af gáleysi. Öðrum þeirra var gefið að sök að hafa í starfi sínu sem stöðvarstjóri Olís afgreitt 1000 lítra af ediksýru í tanki sem merktur var „Ediksýra 80%“ í stað 1000 lítra af 15% klórlausn sem nota átti í sundlaug Eskifjarðar. Hann gaf meðákærða fyrirmæli um að fara með tankinn til Eskifjarðar og dæla innihaldi hans í klórtank sundlaugarinnar. Meðákærði flutti tankinn að sundlauginni, tengdi hann með slöngu við klórtank og dældi um 200 lítrum af innihaldi hans í klórtankinn án þess að kanna merkingar eða ganga að öðru leyti úr skugga um að hann væri að dæla klórlausn á klórtankinn. Við þetta myndaðist eitruð lofttegung, klórgas, sem smaug út um loftop og yfir sundlaugarsvæðið og nágrenni. Afleiðingarnar urðu þær að 45 einstaklingar urðu fyrir eituráhrifum. Með dómi Héraðsdóm Austurlands uppkveðnum 28. júní 2007 var stöðvarstjórinn sakfelldur og dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi en meðákærði var sýknaður.

## 3.6 Kynferðisbrot

Þann 4. apríl 2007 tóku í gildi lög nr. 61/2007 sem breyttu að nokkru kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, m.a. voru refsingar þyngdar verulega þegar um brot gegn börnum er að ræða og gegn fólki sem ekki getur vegna ástands síns spornað við kynferðisbroti. Ekki er unnt að draga ályktun af þeim málum sem komu til ríkissaksóknara á árinu 2007 hvort refsingar hafi þyngst því flest brotin voru framin í gildistíð eldri laga. Ýmislegt markvert átti sér þó stað á árinu 2007 hvað varðar meðferð réttarvörslukerfisins á kynferðisbrotum. M.a. var kona ákærð fyrir kynferðisbrot en slíkt hefur ekki átt sér stað í íslenskri réttarframkvæmd, svo vitað sé, síðan árið 1838. Þá ákvað ríkissaksóknari að láta reyna á hvort sönnunargögn sem m.a. voru fengin að tilstuðlan sjónvarpsfréttamanna dygðu til sakfellingar í svokölluðum tálbeitumálum. Með dómum Hæstaréttar í málum nr. 584, 585 og 609/2007 var ekki á það fallist. Hér að neðan er umfjöllun um þau mál önnur sem ríkissaksóknari telur að hæst hafi borið á árinu.

### Börn sem gerendur

Ungir gerendur í kynferðisbrotum voru nokkuð áberandi á árinu. Þannig ákærði ríkissaksóknari í 6 málum þar sem meintir gerendur voru á barnsaldri, þ.e. á aldrinum 15 – 17 ára þegar brot átti sér stað. Af þessum 6 málum voru 2 mál þar sem um var að ræða annars vegar 4 gerendur og hins vegar 3 gerendur. Sýknað var í báðum málunum. Í báðum tilvikum mat fjölskipaður héraðsdómur framburð ákærðu stöðugan en framburður brotaþola þótti reikull.

### Börn sem brotaþolar

Að venju voru mál þar sem börn voru brotaþolar fyrirferðarmikil á árinu. Árið skar sig þó úr að því leytinu að sum börnin voru afar ung, það yngsta rétt eins og hálfs árs. Í einu málanna var E, þá 15 ára er brot voru framin, ákærður fyrir kynferðisbrot gegn þremur smábörnum, gegn drengnum B, þá þriggja ára, með því að hafa tvisvar sinnum sett getnaðarlim sinn í munn hans og látið drenginn nudda á sér getnaðarliminn, gegn drengnum V, þá á öðru ári, með því að hafa látið hann snerta á sér getnaðarliminn og gegn drengnum M, þá tveggja ára, með því hafa sett getnaðarlim sinn í munn hans og látið drenginn nudda á sér getnaðarliminn. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands Eystra uppkveðnum þann 18. júní 2007 í máli nr. 89/2007 var ákærði sýknaður af fyrstgreinda brotinu þar sem vafi lék á því hann hafi verið orðinn 15 ára og því sakhæfur er brot átti sér stað. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir hin brotin og var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 5 ár. Þá var ákærða gert að sæta í eitt ár frá uppsögu dómsins umsjón samkvæmt 1. töl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Annað mál, keimlíkt þessu, kom til ríkissaksóknara á árinu en þar var E, sem var 16 og 17 ára er brot voru framin, ákærður fyrir að hafa í eitt skipti nuddað og sleikt kynfæri og rass 4 ára telpu innan klæða. Þá var hann einnig ákærður fyrir að hafa í tvö skipti nuddað kynfæri þriggja ára telpu innan klæða og fyrir að hafa í tvö skipti fróað sér að telpunni ásjáandi. Ákærði var sýknaður að hluta. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. júní 2007 í máli nr. S-375/2007 var refsing ákveðin 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár.

Þá var F, fæddur 1978, ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa annars vegar á tímabilinu 5. desember 1993 til 1. september 1994, í nokkur skipti látið X, 5 ára systurdóttur sína, snerta getnaðarlim sinn og fróa sér. Voru brotin framin á heimilum beggja. Hins vegar fyrir að hafa á árunum 1994 til og með 2001, í nokkur hundruð skipti látið Y, systurdóttur sína, sem þá var 3 til 11 ára, snerta getnaðarlim sinn, fróa sér og hafa við sig munnmök. Áttu brotin sér stað á ýmsum stöðum. Þá var F ákærður fyrir vörslur barnakláms en myndirnar hafði ákærði búið til sjálfur með því að skeyta ljósmyndum af Y við ljósmyndir af getnaðarlimi. Ákærði var að mestu leyti sakfelldur fyrir brot sín með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-788/2007 uppkveðnum þann 17. janúar 2008. Refsing var ákveðin 4 ár.

### Nauðgun

Með lögum nr. 61/2007 var kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga breytt að nokkru eins og áður greinir. Ákvæði 194. gr. laganna tók miklum stakkaskiptum. Var hugtakið naugðun rýmkað mjög frá því sem áður var en nú fellur þar undir ólögmæt nauðung (áður 195. gr.) og misneyting (áður 196. gr.). Áður vörðuðu fyrrgreind brot við 6 ára fangelsisrefsingu en með gildistöku laga nr. 61/2007, sbr. 3. gr. laganna, miðast refsimörkin nú við fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Þá var nýtt ákvæði lögfest, ákvæði 195. gr., þar sem nokkur atriði eru tilgreind sem verka skulu til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun.

Þau nauðgunarmál sem ríkissaksóknari höfðaði á árinu 2007 eiga það öll sammerkt að brotin voru framin fyrir gildistöku laganna, þ.e. fyrir 4. apríl 2007, að undanskildum tveimur málum sem gefa takmarkaða mynd af því hvort refsing hafi þyngst í brotaflokknum. Í öðru málinu var ákærði sýknaður (ríkissaksóknari áfrýjaði málinu, sbr. mál nr. 265/2008,. Hitt málið skildi sig frá hefðbundnum málum þar sem um samverknað tveggja manna var að ræða. Þar voru þeir A og R ákærðir fyrir nauðgun aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember 2007, í húsasundi við Laugaveg eða Vitastíg í Reykjavík, með því að hafa í sameiningu með ofbeldi reynt báðir að hafa samræði við X og báðir neytt hana til að hafa við sig munnmök. Við þetta hlaut X rispur, roða og bólgu á kynfærum og fjölmargar rispur og marbletti á baki, rasskinnum, brjóstum og útlimum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 25. janúar 2008 í máli nr. S-2049/2007 var refsing ákærðu hvors um sig ákveðin fangelsi í fimm ár. Var refsing þyngd sérstaklega í ljósi samverknaðar, sbr. 2. mgr. 70. gr. hgl. Ákærðu áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar sem staðfesti dóm Héraðsdóms um refsingu ákærðu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 61/2001 var tekið fram að vilji löggjafans stæði til þess að sjónarmiðið um tillit til ungs aldurs þolanda yrði haft að leiðarljósi við skýringu ákvæðis 194. gr. laganna. Síðan segir:

*„Kynmök fullorðins manns við barn eru slík misnotkun á yfirburðaaðstöðu hans gagnvart barninu að í því felst ofbeldi, hótun og misneyting, þótt það teldist það e.t.v. ekki ef þolandinn væri fullorðinn. Hafi fullorðinn maður kynmök við barn ætti að ákæra bæði fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni. Ekki er rétt að binda slíka framkvæmd við ákveðin aldursmörk (t.d. 14 ára, sbr. 202. gr. laganna), en ljóst er að hún á alltaf við ef ung börn eiga í hlut. Slík framkvæmd yrði til þess að styrkja réttarvernd barna gegn kynferðislegum árásum. Ef aldursmunur hins brotlega og þolanda er lítill, t.d. þolandi 14 ára og hinn brotlegi 15 ára, eiga þessi sjónarmið ekki við. Það skiptir því máli hver beitir ofbeldi, hótunum eða misneytingu og gagnvart hverjum.“*

Ríkissaksóknari tók mið af vilja löggjafans í þessum efnum, sbr. eftirfarandi mál:

H, fæddur 1980, var ákærður fyrir kynferðisbrot, umferðarlagabrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. H var m.a. ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 5 ára telpu með því að hafa á leiksvæði bak við tiltekið íbúðarhús, lokkað telpuna inn í kofa sem þar var staðsettur og látið hana snerta getnaðarlim sinn og hafa við sig munnmök með því að ákærði setti getnarlim sinn í munn telpunnar. Í ákæru og framhaldsákæru var brot þetta heimfært undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 og 3. gr. laga nr. 61/2007, og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og a-lið 11. gr. laga nr. 61/2007. Með Héraðsdómi Reykjavíkur uppkveðnum þann 30. maí 2007 í máli nr. S-573/2007 var ákærði sakfelldur að mestu fyrir það sem ákært var fyrir, m.a. fyrir brot gegn ofangreindri 5 ára telpu. Var það mat fjölskipaðs héraðsdóms að refsa bæri fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. almennra hegningarlaga, sbr. tilvitnuð breytingalög í ákæru, að aðgættri meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Dóminum var ekki áfrýjað.

B 41 var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum, annars vegar gegn X, fæddri 1984, með því að hafa á árunum 1988 til 1994, á þáverandi heimili ákærða, margsinnis fengið X til að þukla á honum kynfærin utanklæða, margsinnis tekið hana í fangið og nuddað getnaðarlimi sínum við líkama hennar, í tíu skipti fengið X til að fróa sér uns honum varð sáðlát og einu sinni fengið X til að hafa við hann munnmök. Hins vegar var B ákærður fyrir kynferðisbrot gegn Y, fæddri 1987, með því að hafa árið 1993 eða 1994, á þáverandi heimili ákærða, fengið Y til að fróa sér uns honum varð sáðlát. Brot ákærða voru í ákæru heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 3. gr. og 11. gr. laga nr. 61/2007. Mál þetta var sameinað öðru máli þar sem ákærði var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 4 stúlkum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 14. nóvember 2007 í máli nr. S-857/2007 var ákærði sakfelldur að hluta fyrir brot sín, m.a. fyrir brot gegn stúlkunni X. Var það mat fjölskipaðs héraðsdóms að einungis ætti að heimfæra brotið undir ákvæði 1. mgr. 202. gr. hgl. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti þessa niðurstöðu héraðsdóms með eftirfarandi rökstuðningi:

*„Falla kynferðisbrot hans undir 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verður ekki jafnframt dæmt fyrir brot á 1. mgr. 194. gr. sömu laga. Styður hvorki orðalag ákvæðanna né lögskýringargögn með frumvörpum, sem urðu að lögum nr. 40/1992 og 61/2007, að 1. mgr. 194. gr. verði beitt samhliða 202. gr. þegar svo stendur á að verknaðarlýsing fyrrnefnda ákvæðisins á ekki við.“*

Að lokum er rétt að fjalla um eitt mál til viðbótar þar sem reyndi á skýringu hugtaksins ofbeldi í ákvæði 194. gr. hgl.

R, 19 ára, var ákærður fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 17. mars 2007, á salerni í kjallara Hótels Sögu við Hagatorg í Reykjavík, með ofbeldi þröngvað stúlkunni Y til samræðis og annarra kynferðismaka með því að ýta henni inn á salernisbás og halda henni þar meðan hann kom fram vilja sínum, en ákærði hafði munnmök við stúlkuna, sleikti kynfæri hennar, hafði samræði við hana og reyndi að setja getnaðarlim sinn í endaþarm hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 5. júlí 2007 í máli nr. S-839/2007 var ákærði sýknaður m.a. með eftirfarandi rökstuðningi:

*„Ef byggt er á frásögn Y af því sem gerðist eftir orðaskipti þeirra inni á snyrtingunni lítur dómurinn svo á, að það að ákærði ýtti Y inn í klefann, læsti klefanum innan frá, dró niður um hana, ýtti henni niður á salernið og síðan niður á gólf, geti, hlutrænt séð, ekki talist ofbeldi í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, eins og það hugtak hefur verið skýrt í refsirétti og í langri dómaframkvæmd. Nægir þetta eitt til þess að ákærði verði sýknaður af ákærunni.“*

Ríkissaksóknari felldi sig ekki við sýknuna og áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar, sbr. Hæstaréttar nr. 464/2007. Hæstiréttur ómerkti dóminn og vísaði málinu heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar á ný. Um túlkun héraðsdóms á hugtakinu ofbeldi sagði Hæstiréttur:

*„Ályktun þessi um lögskýringu fær ekki staðist í ljósi dómaframkvæmdar, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 8. mars 2007 í máli nr. 589/2006 og 31. maí 2007 í máli nr. 48/2007.“*

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 13. júní 2008 í máli nr. S-839/2007 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og gert að sæta fangelsi í 3 ár. Dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

### Sifjaspell

Ríkissaksóknari ákærði á árinu í einu tilviki fyrir brot gegn 200. gr. hgl., þ.e. sifjaspell.

M, fæddur 1945, ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa tvisvar í janúarmánuði 2007 haft samræði við dóttur sína, þá 38 ára, á heimili hennar, og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka sinna. Var brotið í ákæru heimfært undir 196. gr. og 1. mgr. 200. gr. hgl., ásamt áorðnum breytingum. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 21. maí 2007 í máli nr. S-90/2007 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 3 ára fangelsi og

gert að greiða dóttur sinni bætur. Í dómnum kemur fram að ákærði hafði áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn þessari sömu dóttur.

**Trúnaðarbrot**

Með hliðsjón af umsögn ríkissaksóknara til Alþingis um frumvarp það sem varð síðar að lögum nr. 61/2007, var í meðförum þingsins aukið við ákvæði 201. gr. hgl. á þann veg að refsivernd ákvæðisins tekur nú til fleiri aðila, m.a. stjúpbarnabarna. Á árinu reyndi strax á slíkt mál en X var ákærður og sakfelldur fyrir brot gegn stjúpbarnabarni sínu og annarri stúlku. Dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. mál nr. 258/2008.

Þá ákærði ríkissaksóknari kennara fyrir kynferðisbrot gegn nemanda sínum en mál þetta fór til Hæstaréttar, sbr. mál nr. 83/2007. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða en þar kom fram að ákærða, sem var kennari við grunnskóla, hafði verið trúað fyrir stúlkunni til kennslu og þess uppeldis sem grunnskólum er falið að lögum. Með ákvæði 201. gr. hgl. sé lögð refsing við því ef maður hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu. Ákærði þótti hafa unnið sér til refsingar samkvæmt þessu ákvæði og breytti engu um þótt stúlkan hafi verið fús til að hafa við hann kynferðislegt samneyti. Ekki var tekið mark á málsvörn ákærða um að ákvæðið ætti ekki lengur við vegna breyttra þjóðfélagshátta

**Barnaklám og brot gegn börnum með aðstoð netsins**

Brot gegn 210. gr. hgl. voru nokkuð fyrirferðarmikil á árinu 2007 sem og mál þar sem gerendur komust í tengsl við börn og ungmenni með aðstoð netsins.

Ríkissaksóknari ákærði á árinu í einu máli fyrir tilraunabrot gegn 3. mgr. 210. hgl., en ákvæðið leggur bann við því að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hlut að viðlagðri sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Var H ákærður fyrir tilraun til kynferðisbrots með því að hafa í desember 2006, á heimili sínu, berað og strokið kynfæri sín fyrir framan vefmyndavél og sent hreyfimynd af því athæfi yfir spjallrás á netinu með aðstoð vefmyndavélarinnar til viðmælanda síns sem hafði sagt honum að hún væri 14 ára. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum þann 4. október 2007 var ákærði sakfelldur og gert að greiða 150.000 krónur í sekt.

Þá komu til ríkissaksóknara nokkur mál sem vörðuðu vörslur á barnaklámi, þ.e. brot gegn 4. mgr. 210. gr. hgl. Eitt mál fór til Hæstaréttar og var það jafnframt það umfangsmesta sem barst ríkissaksóknara á árinu, sbr. mál Hæstaréttar nr. 127/2008. Var H ákærður fyrir að hafa haft í vörslum sínum rúmlega 24.000 ljósmyndir og 750 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 15. janúar 2008 var ákærði sakfelldur og refsing ákveðin 6 mánaða skilorðsbundin fangelsisrefsing. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krafðist þess að refsing yrði þyngd. Hæstiréttur þyngdi refsingu ákærða og var honum gert að sæta fangelsi í 12 mánuði, en fullnustu níu mánaða af refsingunni var frestað skilorðsbundið. Við ákvörðun refsingar var m.a. litið til þess að brot ákærða þótti stórfellt í þeim skilningi að magn efnisins þótti mjög mikið jafnframt sem hluti efnisins var af allra grófasta tagi og varðaði mjög ung börn.

Nokkur mál þar sem gerendur komust í tengsl við börn og ungmenni með aðstoð netsins komu til ríkissaksóknara á árinu. Tvö málanna fóru til Hæstaréttar, mál nr. 178/2008 og 539/2007.

Í fyrra málinu var A ákærður fyrir kynferðisbrot gegn 3 stúlkum á aldrinum 12 til 16 ára. Einnig var hann ákærður fyrir þjófnað og vörslur barnakláms. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði er síbrotamaður ennfremur sem brotavilji hans þótti einbeittur auk þess sem brotin beindust gegn ungum reynslulitlum stúlkum sem hann beitti blekkingum til að komast í samband við. Var refsing A ákveðin fangelsi í fimm ár ennfremur sem honum var gert að greiða stúlkunum bætur.

Í máli Héraðsdóms Reykjavíkur nr. 539/2007 var lögmaðurinn R ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum fyrir vörslur á barnaklámi. Mál þetta er m.a. markvert fyrir þær sakir að ákært var í einu tilviki fyrir hreinar undirbúningsathafnir, þ.e. fyrir að hafa í janúar og febrúar 2006, í samskiptum við 15 ára stúlku á veraldarvefnum, ítrekað reynt að tæla stúlkuna til kynferðismaka, með því að bjóða henni peningagreiðslur og nýta sér yfirburði sína gagnvart henni vegna aldurs- og þroskamunar. Hæstiréttur sakfelldi R fyrir verulegan hluta þeirra háttsemi sem hann var ákærður fyrir en sýknaði hann af vörslum á barnaklámi. Við ákvörðun refsingar R var litið til þess að hann nýtti sér yfirburði aldurs og reynslu gagnvart fjórum ungum stúlkum sem hann vissi að stóðu höllum fæti. Voru brot hans ítrekuð og alvarleg og brotavilji hans einbeittur. Þá var litið til þess að ákærði var starfandi lögmaður á þeim tíma sem brotin voru framin og voru því einkar ljósir þeir mikilsverðu hagsmunir er brot hans beindust að. Þótti refsing R hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Þá var honum gert að greiða stúlkunum bætur ennfremur sem hann var sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

## 4.1 Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn á Egilsstöðum dagana 12.-14. júní. Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari og saksóknararnir Sigríður J. Friðjónsdóttir og Kolbrún Sævarsdóttir sátu fundinn. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslöggjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákæruvalds á Norðurlöndum. Á fundinum var m.a. fjallað um breytingar á skipan ákæruvalds í Danmörku og Finnlandi og fyrirhugaðar réttarfarsbreytingar á Íslandi.

Ákærendur á Norðurlöndum hafa fundað reglulega um efni sem varða gæði saksóknar. Árlegur fundur um þetta efni var haldinn í Reykjavík 29. mars. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari og saksóknararnir Sigríður J. Friðjónsdóttir og Helgi Magnús Gunnarsson sátu fundinn. Nýlegar breytingar á skipan ákæruvalds í Danmörku og Finnlandi voru kynntar. Einnig ýmsar leiðbeiningar ríkissaksóknaranna til ákærenda og úttektir á einstökum brotaflokkum þar sem farið var yfir lögreglurannsókn mála og ákvarðanir ákærenda. Sérstaklega var rætt um málshraða við rannsókn og saksókn kynferðisbrota.

## 4.2 Evrópusamstarf ríkissaksóknara

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið komið á fót ráðgefandi nefnd um málefni ákæruvaldsins (Consultative Council of European Prosecutors – CCPE). Eitt meginmarkmið nefndarinnar er að framfylgja tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá október 2000 um hlutverk ákæruvaldsins í réttarvörslukerfinu (Rec (2000)19). Árlegur fundur nefndarinnar var í Strassborg í nóvember. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari á sæti í nefndinni og sótti fundinn.

Árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, var haldin í Portoroz í Slóveníu 24.-26. september. Umhverfisbrot voru meginumfjöllunarefni ráðstefnunnar.

## 4.3 Evrópska réttaraðstoðin

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða ákærenda og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari var tilnefnd sem tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust.

## 4.4 European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir tengiliða voru haldnir í Trier í Þýskalandi í júní og í Obidos í Portúgal í desember. Hólmsteinn Gauti Sigurðsson lögfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sótti fundina.

## 4.5 Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákæruvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Árleg ráðstefna IAP var haldin í Hong Kong í ágúst.

## 4.6 Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki þeirra getur farið fram í öðru ríki, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.

Sex mál bárust ríkissaksóknara og voru afgreidd á grundvelli samningsins árið 2007, en þrjú mál voru send utan, öll til Danmerkur. Um var að ræða minniháttar mál sem flest vörðuðu umferðarlagabrot, en einnig fíkniefnabrot, auðgunarbrot og líkamsárásir.

## 4.7 Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Samkvæmt lögum um framsal og réttaraðstoð nr. 13/1984 skal ríkissaksóknari hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari fram vegna framkominnar framsalsbeiðni og sendir að því loknu dómsmálaráðuneytinu álitsgerð um hvort fullnægt þyki lagaskilyrðum til framsals. Dómsmálaráðuneyti tekur síðan ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað. Varnaraðili getur lagt ákvörðun ráðuneytisins fyrir dóm og krafist úrskurðar um hvort skilyrðum framsals sé fullnægt. Ríkissaksóknari sækir þá málið fyrir dómi fyrir hönd íslenska ríkisins.

Fjórar framsalsbeiðnir bárust frá erlendum dómsmálayfirvöldum á árinu, þar af þrjár frá Póllandi. Krafist var framsals pólsks karlmanns til afplánunar refsidóms vegna þjófnaðarbrots. Þegar ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um framsal lá fyrir sneri maðurinn sjálfviljugur til heimalands síns og gaf sig fram við yfirvöld. Þá var synjað um framsal í máli konu sem grunuð var um fjárdráttarbrot í Póllandi, en hafði öðlast íslenskan ríkisborgararétt og skilyrði framsals því ekki fyrir hendi.

Í september barst framsalsbeiðni litháískra yfirvalda vegna litháísks karlmanns sem grunaður var um fimm þjófnaðarbrot þar í landi. Að fenginni umsögn ríkissaksóknara ákvað dómsmálaráðuneytið að framselja manninn. Óskaði hann úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um hvort skilyrði um framsal væru fyrir hendi og staðfesti héraðsdómur ákvörðun dómsmálaráðuneytisins. Málið fór fyrir Hæstarétt, sem með dómi uppkveðnum hinn 12. nóvember 2007 í máli nr. 569/2007, felldi ákvörðun dómsmálaráðuneytisins úr gildi þar sem mál sem vörðuðu ætlaðan þjófnað, eignaspjöll, umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot mannsins voru til meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Meirihluti dómsins taldi 10. gr. laga nr. 13/1984 standa því í vegi að framselja mætti mann ef svo háttaði til en í ákvæðinu er lagt bann við því að framselja mann „ef hér á landi er til meðferðar mál fyrir annan verknað en þann sem hann óskast framseldur fyrir og sem getur varðað minnst 2 ára fangelsi.“ Í nóvember tók dómsmálaráðuneytið á ný ákvörðun um að framselja manninn, en þá hafði fyrrgreindum málum hans verið lokið. Krafðist hann aftur úrskurðar héraðsdóms, sem staðfesti ákvörðun ráðuneytisins. Fór málið fyrir Hæstarétt að nýju ásamt upplýsingum sem þá lágu fyrir um að nýtt mál væri til meðferðar á hendur honum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna ætlaðs umferðarlagabrots. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 10. desember 2007 í máli nr. 634/2007 var ákvörðun dómsmálaráðuneytisins staðfest án þess að vikið væri að hinu ólokna máli vegna ætlaðs umferðarlagabrots en ágreiningsefnið sem fjallað var um í dóminum var hvort ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984 skyldi túlka þannig að miða ætti við refsiramma eða ætlaða refsingu fyrir það brot sem krafan um framsal var reist á. Taldi meirihluti réttarins að miða bæri við refsiramma viðkomandi refsiákvæðis og staðfesti ákvörðun dómsmálaráðuneytins um að framselja manninn.

Í október barst dómsmálaráðuneytinu framsalsbeiðni pólskra yfirvalda vegna pólsks ríkisborgara sem hafði verið ákærður í heimalandi sínu fyrir þjófnaðarbrot og í apríl 2008 ákvað dómsmálaráðuneytið að fallast á framsalsbeiðnina. Óskaði maðurinn eftir úrskurði héraðsdóms um hvort skilyrði um framsal væru fyrir hendi og staðfesti héraðsdómur ákvörðun ráðuneytisins. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar og m.a. byggt á því að mannúðarsjónarmið kæmu í veg fyrir framsal. Taldi meirihluti réttarins að ekki yrði ráðið af ákvörðun ráðuneytisins að það hefði tekið afstöðu til þessa sjónarmiðs mannsns. Þá taldi dómurinn að ekki yrði með vissu ráðið af gögnum málsins að maðurinn hafi skilið leiðbeiningar lögreglu um rétt hans til að hafa samband við lögmann við meðferð málsins hjá lögreglu, en þar sem hann naut ekki slíkrar aðstoðar á því stigi málsins voru óskir hans um synjun á framsali á grundvelli mannúðarsjónarmiða ekki skráðar í gögn málsins og komu ekki til úrlausnar hjá ráðuneytinu. Felldi Hæstiréttur ákvörðun dómsmálaráðuneytisins úr gildi. Í framhaldi af því var aflað frekari gagna um hagi kærða, en að þeim fengnum tók dómsmálaráðuneytið ákvörðun á ný þar sem fallist var á framsalsbeiðnina.

Í nóvember var krafist framsals íslensks karlmanns frá Jamaíka, en ákæra hafði verið gefin út á hendur honum fyrir stórfellt ávana- og fíkniefnalagabrot. Ákærði sneri sjálfur heim frá Jamíka og var máli hans lokið með dómi í júní 2008.

Í desember var svo krafist framsals tveggja pólskra karlmanna frá Póllandi, sem grunaðir voru um kynferðisbrot. Mennirnir höfðu dvalist hér á landi um nokkurt skeið og sættu farbanni meðan á rannsókn málsins stóð, en komust þrátt fyrir það úr landi til Póllands. Pólsk dómsmálayfirvöld synjuðu um framsal þar sem mennirnir eru pólskir ríkisborgarar. Af hálfu pólskra yfirvalda kom hinsvegar fram að rannsókn myndi fara fram vegna brotanna þar í landi.

Allmargar erlendar réttarbeiðnir bárust ríkissaksóknara á árinu. Oftast var um að ræða beiðni um gagnaöflun eða skýrslutökur af vitnum eða grunuðum búsettum hér á landi. Einnig var óskað upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu og atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómskjala.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

## 5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 61/2007, sem tóku gildi 4. apríl 2007, var kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 breytt og verður í þessari samantekt gerð grein fyrir helstu breytingunum. Hugtakið nauðgun í verknaði samkvæmt 194. gr. var rýmkað mjög frá því sem var. Undir verknaðinn fellur nú önnur kynferðisnauðung sem var í 195. gr. og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans sem var í 196. gr. Með þessu var refsirammi þessara brota þyngdur frá því sem var, eða fangelsi frá einu ári og allt að sextán árum, í stað fangelsis allt að sex árum. Lögfest var nýtt ákvæði, 195. gr., sem kveður á um refsiþyngingarástæður við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun, ef þolandi er yngri en átján ára, ofbeldi geranda er stórfellt eða brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt. Lögfest var nýtt ákvæði, 199. gr., sem kveður á um almenna refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni. Gerðar voru nokkrar breytingar á 202. gr., refsing var þyngd fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en fimmtán ára og lögð að jöfnu við refsingu vegna nauðgunar, lögfest var heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls ef gerandi er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og þolandi, refsirammi var hækkaður úr fjórum árum í sex ár vegna kynferðislegrar áreitni og fyrningartími slíkra brota þannig lengdur úr fimm árum í tíu ár. Þá voru aldursmörk ákvæðisins hækkuð úr fjórtán árum í fimmtán ár og hugtakið barn tekið inn í ákvæðið í stað hugtaksins ungmennis. Ennfremur var 81. og 82. gr., um fyrningarfresti, breytt, upphaf fyrningarfrests miðast nú við átján ára aldur brotaþola, í stað fjórtán ára aldur áður. Þá fyrnist sök ekki vegna brota samkvæmt 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. Lögfest var nýtt ákvæði, 205. gr., um ítrekunaráhrif, en ítrekunartengsl eru nú á milli allra kynferðisbrota. Fyrri dómur fyrir kynferðisbrot getur þannig leitt til refsihækkunar ef dómþoli gerist sekur um kynferðisbrot á ný. Þá var eldra ákvæði 205. gr., um niðurfellingu refsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot ef aðilar sem mökin hafa gerst á milli halda áfram sambúð, taka upp óvígða sambúð eða ganga í hjúskap var fellt niður. Ennfremur var 1. mgr. 206. gr., um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu, fellt niður og lögfest ákvæði, 5. mgr. 206. gr., um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum. Í ársskýrslu ríkissaksóknara fyrir árið 2006 er ítarlega gerð grein fyrir umsögn embættisins við frumvarp sem varð að lögum nr. 61/2007.

Með lögum nr. 25/2007, sem tóku gildi 23. mars 2007, voru gerðar breytingar á 106. og 107. gr. almennra hegningarlaga, um brot gegn valdstjórninni, sem miða að aukinni refsivernd lögreglu og tollgæslu. Nýjum málslið var bætt við 1. mgr. 106. gr., sem varð að 2. málsl. þar sem kveðið er á um sérstaka refsihækkunarheimild, fangelsi allt að átta árum, hafi brot um ofbeldi eða hótanir út af skyldustörfum eða til að tálma framkvæmd skyldustarfa, beinst að opinberum starfsmanni, sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Þá var gerð sambærileg breyting á 2. mgr. 106. gr., með orðalagsbreytingu, sem kveður á um þyngri refsingu, sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, tálmi maður á annan hátt að handhafi lögreglu- eða tollgæsluvalds gegni skyldustörfum sínum. Þá var bætt við nýrri málsgrein, 3. mgr., sem kveður á um heimild til að hækka refsingu allt að helmingi á grundvelli ítrekunar, hafi hinn dæmdi áður brotið gegn 106. gr. eða honum refsað fyrir brot sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi. Þá var fyrri 3. mgr. gerð að 4. mgr. og orðalagi hennar breytt og kveðið á um að jafnfætis þeim opinberu starfsmönnum, sem ekki hafa heimild að lögum til valdbeitingar, standi þeir menn sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs. Þá var einnig gerð orðalagsbreyting á 2. málsl. 107. gr. með þeim hætti að aðrir þátttakendur upphlaups, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnast skipun yfirvalds er skorað hefur á mannsöfnuðinn að sundrast, skuli sæta fangelsi allt að sex árum eða sektum ef brot er smáfellt.

## 5.2. Umferðarlög

Með lögum nr. 67/2007, sem tóku gildi 27. mars 2007, voru gerðar nokkrar breytingar á umferðarlögum. Breytingarnar voru liður í framkvæmd umferðaröryggisáætlunar sem tekur m.a. til samþættingar í lagasetningu. Með breytingum á 51. og 53. gr. voru hertar reglur um ökuskírteini og ökuréttindi. Þá var fjórum nýjum málsgreinum bætt við 100. gr., 5. – 8. mgr., þar sem kveðið er á um hertar reglur við ákvörðun sekta vegna hraðakstursbrota. Þá var einnig nýrri málsgrein bætt við 101. gr., 4. málsgrein, þar sem kveðið er á um sex mánaða lágmark ökuréttarsviptingar ef ekið er tvöfalt hraðar en heimilt er. Þá var nýju ákvæði bætt við lögin, 106. gr. a., þar sem kveðið er á um akstursbann vegna endurtekinna umferðarlagabrota. Þá var enn fremur öðru nýju ákvæði bætt við lögin, 107. gr. a., þar sem kveðið er á um upptöku á ökutæki. Í hinu nýja upptökuákvæði er annars vegar kveðið á um heimild til að beita upptöku við tiltekin skilyrði ef það er nauðsynlegt til að fyrirbyggja brot gegn umferðarlögum eða öðrum lögum, en hins vegar er kveðið á um skyldu til að beita upptöku ef ökutæki hefur verið notað við ölvunarakstursbrot, áfengismagn í blóði er meira en 1,20‰ og hinn brotlegi hefur tvisvar síðustu þrjú árin fyrir brotið gerst sekur um akstur undir áhrifum áfengis þar sem áfengismagn í blóði hefur mælst meira en 1,20‰. Í ákvæðinu, 3. mgr., er þó gert ráð fyrir heimild til að víkja frá framangreindri skylduupptöku þegar sérstakar ástæður mæla með því.

## 5.3. Viðurlög við efnahagsbrotum o.fl.

Með lögum nr. 52/2007 og 55/2007, sem tóku gildi 27. mars 2007, voru sett lög sem breyttu samkeppnislögum og sem breyttu tilteknum lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði (lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti; lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki; lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða; lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa; lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði; lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi; lög nr. 32/2005, um miðlun vátrygginga og lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi). Með breytingum á samkeppnislögum var refsiábyrgð einstaklinga vegna brota á samkeppn-

islögum gerð afmarkaðri, tiltekin samráðsbrot lýst refsiverð og háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelda rannsókn á samkeppnislögum lýst refsiverð. Ákvæði samkeppnislaga um sektir eða fangelsi var breytt svo þau taki einungis til einstaklinga og að fyrirtæki sæti stjórnvaldssektum vegna brota á samkeppnislögum. Þá var með ítarlegri hætti kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja. Þá var og kveðið á um að brot gegn samkeppnislögum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Einnig var bætt við samkeppnislög nýjum ákvæðum sem stuðla eiga að samvinnu lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á brotum gegn lögunum. Með breytingunum var einnig kveðið á um tilteknar ívilnandi heimildir Samkeppniseftirlits gagnvart upplýsingagjöfum. Þá var lögfest heimild til Samkeppniseftirlits til að ljúka málum með sátt og kveðið á um bann við því að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirliti, sem sönnunargagn í opinberu máli. Með breytingum á tilteknum lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði var refsiábyrgð vegna brota gegn lögum á fjármálamarkaði gerð afmarkaðri, lögfestar voru heimildir til Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga og kveðið á um sérstaka fyrningarreglu og fresti til að leggja á slíkar sektir. Þá var kveðið á um, að brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu og bætt við löggjöf nokkrum ákvæðum sem stuðla eigi að samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn á brotum. Þá voru lögfest ákvæði sem kveða á um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi og mælt fyrir um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

## 5.4. Umsagnir um lagafrumvörp

Árið 2007 gaf ríkissaksóknari umsagnir um eftirfarandi lagafrumvörp sem bárust embættinu:

### Umsögn um frumvarp til laga nr. 69/2007

**Umsögnin var svohljóðandi:**
„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. þ.m., frumvarp til umferðarlaga, 388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög.

**Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir.**

Samkvæmt 9. mgr. 1. gr. frv. er lagt til að ráðherra geti sett reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tíma sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis. Af hálfu ríkissaksóknara eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við þetta en þó skal bent á að verði ákvæðið að lögum getur eftirlit orðið flókið í framkvæmd.

Samkvæmt 4. gr. frv. er lagt til að við ákvörðun sektar vegna brots gegn 37. og 38. gr. skuli höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Er kveðið á um að í ákveðnum tilfellum skuli sektir ákveðnar „hærri en ella" eða „mun hærri en ella". Gerð er athugasemd við tilvitnað orðalag sem þykir óskýrt en hvorki verður ráðið af frumvarpstextanum né greinargerðinni hversu mikil hækkunin á að vera. Þá þykir rétt að benda á að sektir vegna hraðakstursbrota hafa nýlega verið hækkaðar, sbr. reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim nr. 930/2006 frá 31. október 2006.

Samkvæmt 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að svipting ökuréttar skuli eigi ákvörðuð skemur en í sex mánuði þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er. Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 930/2006 er kveðið á um sviptingu í mánuð þegar ekið er á meira en 61 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. og 3 mánaða sviptingu þegar ekið er á meira en 141 km/klst. þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. svo dæmi séu tekin. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir mjög mikilli herðingu viðurlaga við þessum brotum. Telja verður æskilegt að fram fari rækileg skoðun á því hvaða áhrif slík breyting muni hafa í för með sér.

Samkvæmt 7. gr. frv. er gerð ráð fyrir að heimilt eða skylt sé að gera vélknúið ökutæki upptækt í nánar tilgreindum tilfellum. Bent er á að nú þegar er að finna í 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 heimild til upptöku hluta sem notaðir hafa verið til að drýgja brot með. Þá er gerð athugasemd við að í ákveðnum tilfellum skuli vera skylt að gera ökutæki upptækt. Ekki er talið að 3. mgr. ákvæðisins veiti nægilegt svigrúm í þessu sambandi.

Í tilefni af því að í greinargerð með frumvarpinu er ítrekað vísað til dönsku umferðarlaganna þykir rétt að benda á að nauðsynlegt getur verið að horfa á löggjöfina og framkvæmd hennar í heild þegar verið er að leita fyrirmynda. Refsingar vegna umferðarlagabrota eru mun þyngri í Danmörku en hér á landi. Má nefna sem dæmi að ökumaður í Danmörku sem keyrir ölvaður í fyrsta skipti og mælist með meira en 2‰ vínanda í blóði er gert að sæta varðhaldi í 14 daga auk þess sem hann er sviptur ökurétti en frelsissviptingu er ekki beitt hér á landi vegna sams konar brota.

Að lokum skal bent á að verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

## Umsögn um frumvarp til laga nr. 52/2007 og 55/2007

**Umsögnin var svohljóðandi:**
„Ríkissaksóknara hafa borist til umsagnar annars vegar frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, 522. mál, og hins vegar frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál.

Eins og segir í athugasemdum með báðum lagafrumvörpunum eru þau samin með hliðsjón af niðurstöðu nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Átti ég sæti í nefndinni og skilaði séráliti eins og fram kemur í athugasemdunum. Þótt ég ætli að skýrsla nefndar forsætisráðherra sé í heild fylgiskjal með lagaframvörpunum sendist sérálit mitt sem umsögn ríkissaksóknara um ofangreind lagafrumvörp.

## Að auki bárust embættinu til umsagnar án þess að tekin væri afstaða til þeirra eða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvörpin eða að ástæða sé til að rekja nánar í skýrslu þessari.

Frá samgöngunefnd. Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987 með síðari breytingum, 381. mál, bílpróf 18 ára.

Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 496. mál, dómstörf löglærðra aðstoðarmanna o.fl.

Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum, 465. mál, aukin refsivernd lögreglu.

Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum o.fl., 39. mál, mansal, fórnarlambavernd.

Frá samgöngunefnd. Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 178. mál, bifreiðastæði fatlaðra.

Frá allsherjarnefnd. Tillaga til þingsályktunar um samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, 80. mál.

Frá samgöngunefnd. Frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 588. mál, heildarlög, leyfisveitingar.

Frá sjávarútvegsnefnd. Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi, 643. mál.

Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 184. mál, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.

Frá efnahags- og skattanefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, 36. mál, birtingu skattskrár.

Frá samgöngunefnd. Frumvarp til breytingu á umferðarlögum, 27. mál, forgangsakreinar strætisvagna.

Frá allsherjarnefnd. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, 41. mál, einkaréttarlegar bótakröfur.

# 6. kafli

# Starfsmenn ríkissasóknara

Löglærðir starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2007:
Bogi Nilsson, ríkissaksóknari
Ragnheiður Harðardóttir, vararíkissaksóknari
Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari
Kolbrún Sævarsdóttir, saksóknari
Egill Stephensen, saksóknari
Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, aðstoðarsaksóknari
Kolbrún Benediktsdóttir, fulltrúi (í leyfi)
Ragna Bjarnadóttir, fulltrúi

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:
Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi
Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 14 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember s.l., 12 konur og 2 karlar, í tólf og hálfu starfi.

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur.

## Ráðstefna evrópskar saksóknara

*(Þýðing úr ensku)*

**EVRÓPURÁÐIÐ** Strasbourg, 31. maí 2005.

# RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA RÍKISSAKSÓKNARA 6. FUNDUR

skipulagður af Evrópuráðinu í samvinnu við ríkissaksóknara Ungverjalands

**Búdapest, 29.-31. maí 2005**

Hús þjóðþingsins
Hótel Margitsziget Termál

EVRÓPSKAR LEIÐBEININGARREGLUR UM SIÐI OG BREYTNI OPINBERRA ÁKÆRENDA

# „BÚDAPESTREGLURNAR"

Samþykktar af ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005
http://www.coe.int/prosecutors/

## Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.

2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.

3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannaþágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.

4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.

5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitaefni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.

6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.

7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um i 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

## I. Grundvallarskyldur

**Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur**

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

**Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og**

a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
b. ávallt sýna faglega breytni,
c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmanna, af virðingu og kurteisi,
n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsimála

**Í starfi er varðar rekstur refsimáls ber opinberum ákærendum ávallt að**

a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa árhif á gang réttvísinnar,
f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

## IV. Breytni í einkalífi

a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttsýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttsýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttsýni og óhlutdrægni.

[1] Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til
- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarreglna um störf saksóknara, samþykktra af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.

**Hönnun:** Sigrún Einarsdótir, sigruneina@internet.is • **Umbrot:** Svansprent

Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.saksoknari.is